

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 11. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, fimmtudaginn 13. janúar 2011, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Að auki, Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð og Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson boðar seinkun á fund.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. Hreppsráð, 9. fundur dags. 29. des. 2010.

Til kynningar.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson mætir á fundinn kl. 13:15.

2. Skipulagsnefnd Rangárþings bs., 35. fundur dags. 6. jan. 2011.

186 2011 Álfaskeið í Haukadal, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundabyggðar.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

187 2011 Háfshverfi, Rangárþingi ytra - umsókn um stöðuleyfi fyrir rannsóknamastur.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

188 2011 Garður í Rangárþingi ytra, deiliskipulag landspildu.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, hesthúss og skemmu.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

Deiliskipulag og umhverfisskýrsla fyrir Hrauneyjar hálendismiðstöð, Rangárþingi ytra.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

157 2010 Uxahryggur I. Rangárþingi ytra, deiliskipulag fyrir sumarhús.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

3. Beiðni Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, skv. erindi mótt. 17. des. 2010.

Erindinu er vísað til skipulagsnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

4. Umsókn Grétars J. Sigvaldasonar um stofnun lögbýlis í landi Haga í Holtum, mótt. 17. des. 2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis á 25,1 ha. í landi Haga í Holtum, landnúmer 175270.

*Samþykkt samhljóða.*

5. Beiðni Stefáns Arnórssonar um staðfestingu á landskiptum í landi Skammbeinsstaða, skv. erindi mótt. 28. des. 2010.

Erindinu er vísað til skipulagsnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

6. Beiðni Elínar Sigríðar Óladóttur um umsögn vegna umsóknar um sameiningu landnúmera í landi Litla-Klofa, skv. erindi mótt. 5. jan. 2011.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við sameiningu landspildna nr. 191976 og 209901 í landi Litla-Klofa.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Oddafélagið, erindi um Sæmundarvelli, skv. fundargerð Héraðsnefndar, tl. 5.4, dags. 17. des. 2010.

Í erindinu kemur fram að hugað verði að hugsanlegu deiliskipulagi fyrir fræðasetur á Sæmundarvöllum.

Sveitarstjóra falið að koma á fundi með stjórn Oddafélagsins um málið. Í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa verði möguleikar kannaðir hvað skipulagsmál varðar í samræmi við erindið.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Beiðni um staðfestingu sveitarstjórnar á landskiptum á jörðinni Haukadalur, skv. erindi dags. 9. sept. 2010. Áður tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 16. des. 2010.

Guðrún Hildur Hafsteinsdóttir, kt. 110655-5929, Hafsteinn Hugi Hafsteinsson, kt. 300165-3629 og Magnús Hafsteinsson, kt. 291257-4539, óska eftir staðfestingu sveitarstjórnar á meðfylgjandi landskiptum.

Um er að ræða land með landnr. 219699, stærð 117,6 ha. og lóð með landnr. 219700, stærð 16000 fm. tekna úr jörðinni, Haukadal, landnr. 164500, samkvæmt meðfylgjandi hnitasettum uppdrætti.

Lögbýlisréttur fylgir áfram Haukadal, 164500.

Sveitarstjórn samþykkir landskiptin.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Beiðni um staðfestingu sveitarstjórnar á landskiptum á jörðinni Minni-Vellir, skv. erindi dags. 12. nóv. 2010. Áður tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 16. des. 2010.

Bjarni Besson, kt. 240757-5409, Hjördís Harðardóttir, kt. 150458-7149, Guðrún Erna Baldvinsdóttir, kt. 250358-4589, og Örn Sveinsson, kt. 110559-2599, óska eftir staðfestingu sveitarstjórnar á meðfylgjandi landskiptum.

Um er að ræða að skipta 26,5 ha. landi með landnr. 201226 í tvær sumarhúsalóðir. Lóð 1 verður með landnr. 219864, stærð 12,8 ha og lóð 2 verður með landnr. 219865, stærð 12,8 ha.

Uppruna landnr. 201226 verður á vegstæði sem verður í sameign.

Sveitarstjórn samþykkir landskiptin.

*Samþykkt samhljóða.*

Rúnar vikur af fundi.

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

10. Beiðni um stuðning við Snorraverkefnið, dags. 8. nóv. 2010.

Erindinu hafnað.

*Samþykkt samhljóða.*

11. Markaðsstofa Suðurlands; ósk um fjögurra ára framlengingu á samningi, dags. 10. nóv. 2010.

Erindinu er hafnað af hálfu sveitarfélagsins en um leið eru fyrirtæki innan verslunar- og þjónustugeirans hvött til að nýta sér það góða starf sem þar er unnið. Sveitarfélagið hefur fullan hug á góðu samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands í framtíðinni og er tilbúið til að veita upplýsingar og þjónustu eftir því sem við á.

Fjórir greiða atkvæði með afgreiðslunni, þrír sitja hjá (GIG, AMK, IPG).

*Afgreiðslan er samþykkt.*

12. HSK; Beiðni um viðbótarstyrk vegna rekstrarársins 2011, skv. erindi dags. 12. nóv. 2010.

HSK vinnur að útbreiðslu- og fræðslustarfi auk ýmissa annarra verkefna í æskulýðs- og ungmennastarfi. Því er samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr.110.000,- þrátt fyrir þrönga stöðu sveitarsjóðs.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Flugbjörgunarsveitin Hellu; Beiðni um endurgjaldslaus afnot af skólahúsnæði vegna Landsþings Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Hellu, dagana 13. – 14. maí 2011, skv. erindi dags. 24. nóv. 2010.
- Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi til afgreiðslu málsins og víkur af fundi.
- Samþykkt að veita styrk á móti húsaleigu umrædda daga.
- Samþykkt samhljóða.*
- Margrét tekur aftur sæti á fundinum.
14. Ásgeir Jónsson; Áskorun til sveitarstjórnar um að hafa frumkvæði að könnun möguleika þess að koma á ljósleiðaratengingum í dreifbýli sveitarfélagsins, skv. erindi dags. 25. nóv. 2010.
- Sveitarstjóra falið að kanna málið í samráði við bréfitara og annarra framkvæmdastjóra sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu.
- Samþykkt samhljóða.*
15. Landgræðsla ríkisins; Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið, dags. 30. nóv. 2010.
- Magnús H. Jóhannsson og Anna María Kristjánsdóttir vekja athygli á hugsanlegu vanhæfi til afgreiðslu erindisins og víkjá af fundi.
- Samþykkt að veita styrk fyrir árið 2011 að fjárhæð kr. 100.000,-
- Landgræðslan hefur á undanförunum árum og áratugum unnið þrekvirki í uppgræðslu lands. Segja má að þessi styrkur sé viðurkenning og þakklætisvottur fyrir það góða og sívaxandi starf sem Landgræðslan vinnur að, samfélaginu öllu til heilla.
- Samþykkt samhljóða.*
- Magnús og Anna María taka aftur sæti á fundinum.
16. Ungmennaráð (skv. 11. gr., 2. ml., l. 70/2007) – endurskoðun reglna Rangárþings ytra.
- Sveitarstjóra falið að endurskoða reglur í samráði við Íþróttá- og tólmstundanefnd og leggja fyrir sveitarstjórn.
- Samþykkt samhljóða.*
17. Viking Travel; Beiðni um að taka leikskólann í Þykkvabæ á leigu, dags. 1. des. 2010.
- Í erindinu kemur fram beiðni um að taka húsnæðið á leigu yfir sumartímann, eða frá 1. maí og fram á haustið. Óskað er eftir leigusamningi til fimm ára, með framlengingarákvæðum.
- Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda og fá nánari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi áður en ákvörðun er tekin um ráðstöfun húsnæðisins. Sé ákvörðun tekin um slíkt og í anda jafnræðis og góðra stjórnháttá er eðlilegt að auglýsa opinberlega húsnæði í eigu sveitarfélagsins til leigu.
- Samþykkt samhljóða.*
18. Beiðni Heklu blúsfélags um viðbótarfjárstyrk vegna Blues Festival 2010, skv. erindi dags. 29. nóv. 2010.
- Samþykkt var fjárstuðningur við umrætt verkefni, að kr. 250.000, á fundi hreppsnefndar 6. maí 2010 og hefur hann þegar verið greiddur.
- Sveitarstjórn ekki færi á því að verða við erindinu og er frekari fjárstuðningi hafnað.
- Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, AMK, IPG).
- Samþykkt.*
19. Starfsmannamál – ferlagreining og tillaga að skipuriti skrifstofu.
- Skýrslan sem lögð er fram inniheldur skilgreiningu á lykilstarfsemi skrifstofu sveitarfélagsins. Helstu verkferlar eru útskýrðir og verkefnum skipt á milli starfsmanna. Gert er ráð fyrir fækkun um eitt stöðugildi á skrifstofu og núverandi stjórnunarstöður verða lagðar niður. Tilgangur skýrslunnar er að stuðla að bættri vinnutilhöggun og vandaðri upplýsingagjöf til forsvarsmanna sveitarfélagsins.
- Sveitarstjóra er falið koma á breytingum á fyrirkomulagi skrifstofurekstursins í samræmi við skýrsluna.
- Samþykkt samhljóða.*
20. Atvinnumál; Garnaveikibólusetning.

Rangárþing ytra hefur greitt þjónustukostnað vegna garnaveikibólusetningar sauðfjár í sveitarfélaginu, en bændur hafa greitt efniskostnað. Verkefnið er ekki hluti af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga og er ákveðið að hætta kostnaðarþátttöku vegna þessarar framkvæmdar.

Sveitarstjóra er falið að tilkynna sauðfjáreigendum og búfjárefirtirlitsaðilum, héraðsdýralækni og búfjárefirtiliti sveitarfélagsins, þessar breytingar.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, AMK, IPG).

*Samþykkt.*

21. Rammasamningur um ráðgjafarþjónustu á sviði skipulagsmála við Steinholt sf., dags. 1. des. 2010.

Til kynningar.

22. Samningur um ráðgjafarþjónustu um deiliskipulag miðbæjar og atvinnusvæða sunnan þjóðveggar á Hellu við Steinholt sf., dags. 1. des. 2010.

Til kynningar.

23. Beiðni Sýslumannsins á Hvolsvelli um samþykkt á afskriftum gjalda, skv. erindi dags. 21. des. 2010.

Í erindinu kemur fram beiðni um að afskrifa kröfur á opinberum gjöldum hjá tveimur einstaklingum. Metur Sýslumaður svo að kröfurnar séu fyrndar.

Sveitarstjórn samþykkir afskriftir þeirra krafna er varða Rangárþing ytra skv. erindinu.

*Samþykkt samhljóða.*

Afgreiðsla er skráð í trúnaðarmálabók.

24. Erindi frá Oddasókn, dags. 6. jan. 2010.

Sveitarstjóra og oddvita er falið að skoða húsnæðið og fullkanna leiðir er varðar leigu á húsnæðinu og skila álitum fyrir næsta fund hreppsnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

25. Eldvarnaeftirlit - slökkvilið í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, skv. erindi vinnuhóps dags. 6. jan. 2011.

Til kynningar.

Í erindinu kemur fram tillaga um að vista eldvarnaeftirlit í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings bs. Til að mæta kostnaði embættisins við þetta verkefni er lagt til að hvert sveitarfélag í samstarfinu greiði sem nemur eitt þúsund krónum á íbúa til embættisins árið 2011.

Tillögur þessar eru jákvæðar í samanburði við fyrstu tillögur um stofnun eldvarnaeftirlits í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, út frá kostnaðarlegum samanburði. Sveitarstjórn getur þó ekki tekið afstöðu til tilhögunarinnar og kostnaðarþátttökunnar fyrir en búið er að fullskilgreina verkefnið og rekstrarfyrirkomulag Skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings bs.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu í samráði við framkvæmdastjóra samstarfssveitarfélaganna.

*Samþykkt samhljóða.*

26. Tillaga frá D-lista; a) um skriflega birtingu fjárhagsupplýsinga á hreppsráðsfundum og b) sveitarstjóri flytji skýrslu í lok hvers sveitarstjórnarfundar um viðfangsefni sem hann er að fást við hverju sinni, mótt. 10. jan. 2010.

„Tillaga um að sveitarstjóri Rangárþings ytra geri skriflega grein fyrir ákveðnum fjárhagslegum upplýsingum úr rekstri og efnahag á hreppsráðsfundum og að á hreppsnefndarfundum birti sveitarstjóri stutta skýrslu í lok funda um helstu verkefni sem hann er að fást við hverju sinni og ekki þurfa að vera í þagnargildi, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 13. janúar 2011:

- a) Lagt er til að á hreppsráðsfundum (fyrst í febrúar 2011) leggi sveitarstjóri fram skriflega eftirfarandi upplýsingar úr rekstri og efnahag sveitarfélagsins:

1. Yfirlit yfir innbargað útsvar - bæði staðgreiðslu og eftiráinnheimt í næstliðnum mánuði og uppsafnað á árinu með samanburði við stöðu á sama tímapunkti árið áður.
2. Yfirlit yfir fjárstreymi - inn- og útborganir í næstliðnum mánuði og uppsafnað á árinu og samanburð við áætlað fjárstreymi ársins.

3. Yfirlit yfir stöðu skuldunauta um næstliðin mánaðamót eftir tegund og aldri skulda (ekki rekjanlegt til einstakra skuldara). Um er að ræða t.d. fasteignagjöld, leikskólagjöld, gjöld vegna skóladagheimila, hundagjöld, fjallskilagjöld, gatnagerðargjöld og önnur gjöld.
4. Yfirlit yfir greidd laun eftir stofnunum (ekki greint niður á einstaklinga) og sundurliðað í mánaðarlaun, dagvinnu og yfirvinnu fyrir næstliðinn mánuð.
5. Yfirlit yfir áætlaða greiðslubyrði lána, brotið niður á mánuði næstu tólf mánuði. Fram komi afborganir og fjármagnskostnaður.

Greinargerð:

Framangreind tillaga miðar að því að gera sveitarstjórnarfulltrúum betur kleift að sinna eftirlitsskyldu sinni með rekstri og fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins. Allar framangreindar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar í bókhaldi sveitarfélagsins, sé það uppfært og afstemmt reglulega, án þess að valda auknu vinnuálagi á starfsfólk skrifstofunnar svo neinu nemi. Ekki þarf að leita liðsinnis endurskoðenda vegna þeirra upplýsinga sem tillagan gerir ráð fyrir og þar af leiðandi verður enginn kostnaðarauki. Upplýsingagjöf af þessu tagi er til þess fallin að auka samstöðu starfsfólks og sveitarstjórnarfulltrúa við þau erfiðu verkefni sem við blasa í rekstrinum. Það kann að vera, að slípa þurfi til hvernig framangreindar upplýsingar verða fram settar skriflega í samstarfi sveitarstjóra og sveitarstjórnarfulltrúanna, en á því ríkir fullur skilningur.

- b) Lagt er til að sveitarstjóri flytji sveitarstjórninni í lok hreppsnefndarfunda skýrslu um helstu viðfangsefni sem hann er að fást við hverju sinni. Ekki er ætlast til að fjallað verði um mál á viðkvæmu vinnslustigi sem um stundarsakir geta ekki verið opinber.

Greinargerð:

Í anda opinna stjórnýslu og samstarfs innan sveitarstjórnar og við helstu embættismenn sveitarfélagsins, er þessi tillaga sett fram. Fyrirmynd að skýrslugjöfnni sem lögð er til, er auðfundin og bent er á eina: Upplýsingagjöf af þessu tagi er t.d. viðhöfð í bæjarstjórn Akureyrar, þar sem bæjarstjórnin flytur í lok hvers bæjarstjórnarfundar allitarlega skýrslu um störf sín á aðliggjandi dögum. Þetta á ekki að þurfa að íþyngja sveitarstjóranum í störfum hans, því aðeins tekur nokkrar mínútur að undirbúa minnispunkta af þessu tagi. Ekki er um aukinn kostnað að ræða.

Fulltrúar D-listans í sveitarstjórn Rangárpings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Tillagan tekin til afgreiðslu:

Þrír greiða atkvæði með tillögunni, fjórir greiða atkvæði á móti (GP, MHJ, MÝS, ST)

*Tillagan er felld*

Bókun Á-lista:

- a) Það er fullur vilji að veita fjárhagsupplýsingar til kjörinna fulltrúa sé eftir því leitað. Fulltrúar Á-lista benda á að sveitarstjóri vinnur nú að endurskipulagningu á verk- og vinnuferlum á skrifstofu sveitarfélagsins og hefur hann einnig greint frá, á fundum með kjörnum fulltrúum, hugmyndum um reglulega birtingu fjárhagsupplýsinga. Fulltrúar Á-lista áréttu að ekki er verið að vega að þeim rétti kjörinna fulltrúa að hafa aðgang að helstu upplýsingum sem varða rekstur sveitarfélagsins en sveitastjóra er treyst til þess að vega og meta hvaða rekstrarupplýsingar verði birtar. Ofangreindar kennitölur úr rekstri eru meðal þeirra stjórntækja sem sveitarstjóri notar við stjórn sveitarfélagsins en ekki er hægt að fullyrða að nákvæmlega þessar kennitölur séu þær sem sveitarstjóri komi til með að birta þegar hann útbýr samantekt um rekstur sveitarfélagsins fyrir sveitarstjórn.
- b) Það er sjálfsagt mál að sveitarstjóri upplýsi kjörna fulltrúa um þau verkefni sem í gangi eru tengt starfi hans hjá sveitarfélaginu og það hefur hann gert óformlega á fundum. Hér eftir munu sveitarstjóri og oddviti, í byrjun sveitarstjórnarfunda, skýra með formlegum hætti í stuttu máli frá helstu verkefnum sem verið er að vinna að fyrir sveitarfélagið.

Bókun fulltrúa D-listans vegna höfnunar á tillögu um upplýsingagjöf sveitarstjóra til sveitarstjórnar:

„Í bókun fulltrúa A-listans kemur fram að þau fela sveitarstjóra að meta hvaða upplýsingar úr rekstri og efnahag sveitarfélagsins hann kys að leggja fram hverju sinni. Ekki er efast um að sveitarstjórinn mun standa vel að slíku, en það er fullkomlega óeðlilegt að hafna því að sveitarstjórinn sjálf ákveði hvaða upplýsingar skuli birtar reglulega á sveitarstjórnarfundum. Fulltrúar D-listans munu leita eftir fjárhagslegum upplýsingum hjá sveitarstjóranum í samræmi við rétt sinn skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Fulltrúar D-listans benda á að með ákvörðun oddvita og sveitarstjóra um að birta sveitarstjórninni punkta um helstu verkefni liðandi stunda eru þau í raun að samþykkja b lið tillögu D-listans um þetta atriði og því er undarlegt að sá liður skuli hafa verið felldur í atkvæðagreiðslunni.

Á fundi hreppsnefndar Rangárbings ytra 13. janúar 2011

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárbings ytra

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Anna María Kristjánsdóttir

Ingvar Pétur Guðbjörnsson“

Bókun sveitarstjóra:

„Sveitarstjóri er fullur vilja til að birta allar mögulegar fjárhagsupplýsingar fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjóri hefur unnið að því að koma fyrirkomulagi bókhalds sveitarfélagsins í það horf að hægt sé að nýta það til reglubundnar upplýsingagjafar. Mögulegt verður að horfa til þeirra upplýsinga sem fram koma í tillögu D-lista en þær eru góðra gjalda verðar. Varðandi aðra upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar þykir sveitarstjóra rétt að geta þess að í starfi sveitarstjóra fyrir Skaftárhrepp á árunum 2002-2006 flutti hann skýrslu um störf sín í upphafi sveitarstjórnafunda og gafst það vel þar sem fulltrúar fá þá nauðsynlegar upplýsingar sem geta nýst á fundinum. Þessi háttur er enn viðhafður í því sveitarfélagi.“

27. Fyrirspurnir frá D-lista, mótt. 10. jan. 2010.

„Tilmæli frá D-lista um að eftirtalin umræðuefni verði tekin á dagskrá hreppsnefndarfundar þ. 13. janúar 2011:

D-listinn fer fram á að eftirtalin umræðuefni verði á dagskrá hreppsnefndar þ. 13. janúar 2011. Þetta má vera í einum dagskrárlið sem fyrirspurnarefni:

1. Leiga eða sala á Mýrarkoti - staða málsins.
2. Gáttin á heimasíðunni - hvað hefur komið inn af ábendingum og hvernig verða þær birtar sveitarstjórninni?
3. Möguleg leiga á sal eða aðstöðu í stækkuðu safnaðarheimili Oddasóknar fyrir starfsemi og félagsaðstöðu eldri borgara og fleiri hópa.
4. Styrkbeiðni frá HSK sem send var í nóvember - hefur þessi umsókn hlotið afgreiðslu?

Fulltrúar D-listans í sveitarstjórn Rangárbings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfi Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Svör sveitarstjóra við ofangreindum fyrirspurnum:

1. Skv. umræðum á fundi samráðsnefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps, dags. 12. jan. 2011, var rætt um málefni Mýrarkots. Á fundinum var tekin ákvörðun um að skoða möguleika þess að fjarlægja húsið frá Laugalandi í heilu lagi. Ef slík aðgerð reynist ekki möguleg eða óhagkvæm virðast skoðanir flestra að rífa eigi húsið og fjarlægja eins fljótt og auðið er.
2. Góð viðbrögð hafa verið við hugmyndagáttinni og hafa borist um 20 innlegg hingað til. Sveitarstjóri hefur hug á að birta lista af innsendu efni og upplýsa kjörna fulltrúa í hverjum mánuði.
3. Vísað er í bókun við lið nr. 24 hér að ofan.
4. Vísað er í bókun við lið nr. 12 hér að ofan.

28. Málefni Suðurlandsvegur 1-3, staða mála.

Í ljósi hagkvæmniútreikninga sem kynntir hafa verið á fundinum og fulltrúar Rangárþings ytra og Verkalýðshússins á Hellu hafa komið að með einum eða öðrum hætti óskar sveitarstjórn eftir formlegum samningaviðræðum við eigendur Verkalýðshússins á Hellu um samruna fasteignanna að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu, sem eru í eigu þessara aðila.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi málsins.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fundargerðir til kynningar:**

29. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., 35. fundur dags. 29. okt. 2010.
30. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., 36. fundur dags. 5. nóv. 2010.
31. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., 37. fundur dags. 30. nóv. 2010.
32. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 103. fundur dags. 15. des. 2010.
33. Héraðsnefnd Rangæinga, 3. fundur, dags. 17. des. 2010.
34. Fundur vinnuhóps um málefni fatlaðra, dags. 20. des. 2010.
35. Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, 19. fundur, dags. 20. des. 2010.
36. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., 38. fundur dags. 20. des. 2010.
37. Fundargerð svæðisráðs um Vatnajökulspjöldgarð, dags. 20. des. 2010.
38. Fundur í stjórn, byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., dags. 31. des. 2010.
39. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., 39. fundur dags. 5. jan. 2011.

Í fundargerðinni kemur fram að Ragnheiður Hergeirsdóttir hefur verið ráðin félagsmálastjóri Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Sveitarstjórn lýsir ánægju með ráðninguna og býður Ragnheiði velkomna til starfa. Álfhildi Hallgrímsdóttur, fráfarandi félagsmálastjóra, eru þökkun góð störf og óskað velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

40. Stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf., 6. fundur dags. 7. jan. 2011..

#### **Fundaboð og kynningarefni:**

41. Velferðarráðuneytið; Tilmæli til sveitarstjórna um lágmarksfjárhæð framfærslu, skv. erindi dags. 3. jan. 2011.
42. Þekkingarsetur á Selfossi; Minnisblað og kynning frá fundi framkvæmdastjóra stofnana SASS 4. jan. 2011.
43. Héraðsnefnd Rangæinga; Bréf frá formanni til stjórnar SASS v/húsnæðismála, dags. 11. jan. 2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 15.10

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 12. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, fimmtudaginn 27. janúar 2011, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Katrín Sigurðardóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. Íþróttta- og tómsfundanefnd, 5. fundur dags. 19. jan. 2011.  
Til kynningar.

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

2. Beiðni Guðjóns Egilssonar og Rósu Hlínar Óskarsdóttur um staðfestingu á landskiptum á jörðinni Selalæk, skv. erindi mótt. 13. jan. 2011.  
Erindinu er vísað til skipulagsnefndar.  
*Samþykkt samhljóða.*

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

3. Beiðni Sýslumannsins á Hvolsvelli um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað í flokki I að Þjóðólshaga 25, erindi dags. 12. jan. 2011.  
Í erindinu kemur fram að Carolina Rathgens, kt. 270563-4579, hefur sótt um leyfi fyrir gististað í flokki I, að Þjóðólshaga 25, Rangárþingi ytra. Sýslumaður óskar umsagnar skv. 24. gr. reglugerðar nr. 585/2007 en sveitarstjórn skal veita umsögn um fyrirhugaðan afgreiðslutíma staðar, þ.e. á hvaða tíma heimilt er að hafa hann opinn. Einnig staðfestir sveitarstjórn að staðsetning staðar sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélags kveður á um.

Staðsetning fyrirhugaðs gististaðar er innan skipulagðs frístundasvæðis. Afgreiðslu erindisins er frestað þar til staðfesting á breyttri landnotkun skv. aðal- og deiliskipulagi hefur verið afgreidd.

*Samþykkt samhljóða.*

4. Skólahúsnæði í Þykkvabæ; Greinargerð vegna tl. 17 frá fundi sveitarstjórnar dags. 13. jan. 2011.  
Sveitarstjóra falið að auglýsa skólahúsnæðið í Þykkvabæ opinberlega til sölu eða leigu.

*Samþykkt samhljóða.*

5. Ákall innikróaðra íbúa Vestur-Landeyja og Bakkabæja um flóttaleið, dags. 15. jan. 2011.

Í erindinu er undirrituð áskorun, íbúa bæjanna sunnan Þverár og austan Hólsár í Rangárvallasýslu, þess efnis að tafarlaust verði tryggð flóttaleið undan mögulegu hamfaraflóði vegna hugsanlegra eldsumbrota í Kötlu. Skv. gildandi viðbragðsáætlun Almannaþingar liggur eina rýmingar- og flóttaleið íbúanna út af hættusvæðinu allt að 25 km. á móti á móti straumi gifurlegrar flóðöldu við verstu mögulegu skilyrði. Þessu mótmæla íbúar og leggja til að brúuð verði leið yfir Hólsá við Djúpós á mótum Þverár og Ytri-Rangár.

Á fundinum er lögð fram undirrituð áskorun um sama efni sem barst með tölvupósti 27. jan. 2011, árituð af fólki í V-Landeyjum og á Bakkabæjum, um samstöðu um fyrirhugaða veltengingu svæðisins um Oddaveg.

Sveitarstjórn tekur undir með íbúum að brýnt er að leita bestu leiða til að draga úr þeirri ógn sem mögulega getur steðjað að svæðinu. Sveitarstjóra falið í samvinnu við Sýslumann að funda með Vegamálastjóra vegna málefnsins.

*Samþykkt samhljóða.*

6. Beiðni um styrk á móti húsaleigu vegna þorablóts á Laugalandi í Holtum, erindi dags. 23. jan. 2011.



Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að veita styrk á móti húsaleigu vegna æfinga fyrir þorablótið.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Erindi frá stjórn Lundar til Velferðarráðherra vegna fækkunar hjúkrunarrýma, dags. 24. jan. 2011.

Margrét vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til umfjöllunar um málið og vikur af fundi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra mótmælir harðlega þeim fyrirvaralausum áformum Velferðarráðuneytisins um að fækka um eitt hjúkrunarrými á hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu. Öll hjúkrunarrými eru og hafa verið fullnýtt á heimilinu fram að þessu og biðlisti haldist stöðugur. Með fækkun um eitt rými er möguleiki á skammtímainnlögnum verulega skertur sem kemur niður á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og orsakar lengri biðtíma í hjúkrunarrými. Hjúkrunarheimilið Lundur sem staðsett er miðsvæðis á Suðurlandi hefur þjónustað íbúa af öllu Suðurlandi og verið í góðri samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands með nýtingu hvíldarinnlagna til að létta á sjúkrahúsinnlögnum, sem talist hefur verulega hagkvæmur kostur. Á hjúkrunarheimili af þessari stærðargráðu hefur fækkun um eitt rými mjög alvarlegar rekstrarlegar afleiðingar í för með sér þar sem manna þarf heimilið allan sólhringinn og veita þarf öllum íbúum viðeigandi þjónustu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra skorar á Velferðarráðherra að draga þessa ákvörðun tafarlaust til baka.

*Samþykkt samhljóða.*

Margrét mætir aftur á fund.

8. Málefni Oddasóknar, minnisblað frá fundi dags. 24. jan. 2011.

Til kynningar.

Lögð eru fram tilboð til sveitarfélagsins frá sóknarnefnd Oddakirkju vegna húsaleigu að Dynskálum á Hellu.

Sveitarstjóra og oddvita falið að yfirfara tilboðin og leggja fram tillögu fyrir næsta hreppsnefndarfund.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Tillaga frá D-listanum um könnun á því hvort mögulegt er að útvarpa og/eða sjónvarpa beint frá hreppsnefndarfundum, mótt. 24. jan. 2011.

„Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að kanna kostnað og tæknilega möguleika á því að útvarpað eða sjónvarpað verði beint frá fundum hreppsnefndar Rangárþings ytra. Jafnframt verði kannað hvað þarf til að útsending geti verið þráðlaus um örbylgju eða aðra miðla sem nást sem víðast um sveitarfélagið og einnig hvort útsending geti verið um kapalkerfið á Hellu.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Þorgils Torfí Jónsson

Anna María Kristjánsdóttir“

Vinnuhópur er að störfum við endurskoðun á samþykktum um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra og þar hafa þessi mál borið á góma.

Í því ljósi er sveitarstjóra falið að kanna möguleika þess að útvarpa og/eða sjónvarpa beint frá hreppsnefndarfundum skv. efni tillögunnar og skila greinargerð til sveitarstjórnar.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

Þriggja ára fjárhagsáætlun, 2012 – 2014, vísað til síðari umræðu.

*Samþykkt samhljóða.*

### **Fundargerðir til kynningar:**

- 11.2. stjórnarfundur á Lundi, dags. 8. okt. 2010.

Í fundargerðinni kemur fram að stjórn Lundar hefur fengið kr. 18.828.000,- úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra til uppbyggingar á sérhannaðri deild fyrir heilabílaða.

Sveitarstjórn staðfestir að fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við áætlanir um uppbyggingu á þjónustu fyrir aldraða innan sveitarfélagsins.

*Samþykkt samhljóða.*

12. 3. stjórnarfundur á Lundi, dags. 23. des. 2010.

Til kynningar.

Á fundinum undirritaði stjórn Lundar ársreikning vegna ársins 2009.

13. Stjórnarfundur í Húsakynnum bs., dags. 10. jan. 2011.

14. Fundur vegna um starfsemi Samfellu í Rangárþingi ytra., dags. 11 jan. 2011.

15. Fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 12. jan. 2011.

Í fundargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps mótmæla harðlega fyrirhugaðri gjaldtöku (vegatollum) sem ríkisstjórnin boðar til uppbyggingar meðal annars á Suðurlandsvegi. Ef slík gjaldtaka yrði að veruleika myndi það hafa mikil áhrif á atvinnulíf, búsetu og ferðamannastraum á svæðinu. Höfuðborgin er höfuðborg allra landsmanna og þangað eiga allir að geta sótt atvinnu og þjónustu án þess að borga sérstök notkunargjöld (vegatolla). Sveitarstjórnirnar skora á ríkisstjórnina að leggja áform um slíka gjaldtöku (vegatolla) til hliðar.“

*Samþykkt samhljóða.*

16. 126. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 14. jan. 2011.

17. 440. fundur stjórnar SASS, dags. 14. jan. 2011.

18. Gönguleiðir að fjallabaki, tækifæri og framtíðarsýn, fundur á Brúarlundi 15. jan. 2011

19. 6. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu, dags. 19. jan. 2011.

20. Fundur Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 25. jan. 2011.

Fundargerðin staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fundaboð og kynningarefni:**

21. Náttúruminjasafn Íslands; Svarbréf safnstjóra vegna tillögu sveitarstjóra um flutning safnsins á Hellu, dags. 10. jan. 2011.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er enn þeirrar skoðunar að Náttúruminjasafni Íslands yrði meiri sómi sýndur með að staðsetja það á Hellu heldur en í Reykjavík. Bendir sveitarstjórn á í því sambandi að Skógasafnið er líkast til eina safnið á Íslandi sem rekið er með rekstrarafgangi, þannig að það er ekki ávísun á velgengni að staðsetja safn í Reykjavík.

Telur sveitarstjórn að aðsókn ferðamanna gæti verulega aukist með staðsetningu á Hellu sérstaklega í því ljósi að betra er að vera stór fiskur í lítilli tjörn en lítill fiskur í stórri og hér væri safnið í sínu rétta náttúrulega umhverfi. Sveitarstjórn óskar eftir viðræðum þess efnis að amk. hluti starfsemi Náttúruminjasafns Íslands verði starfræktur á Hellu.

Sveitarstjórn þakkar Helga Torfasyni, forstöðumanni Náttúruminjasafns Íslands, bréfið.

*Samþykkt samhljóða.*

22. SASS; Málefni skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 10. jan. 2011.

23. Erindi Héraðsnefndar til stjórnar SASS, dags. 11. jan. 2011.

Í erindinu kemur fram að Héraðsnefnd Rangæinga hefur óskað eftir fundi með framkvæmdastjóra og stjórn SASS vegna húsnæðisvöntunar undir starfsemi SASS. Stjórn SASS varð við erindinu á fundi dags. 14. jan. 2011, en fundartími hefur ekki verið staðfestur.

24. Samband íslenskra sveitarfélaga; Áhrif nýrra mannvirkjalaga á umboð byggingarnefnda, dags. 14. jan. 2011.

25. Veðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár; Aðalfundarboð, dags. 22. jan. 2011.

Sveitarstjóri, Gunnsteinn R. Ómarsson, fór með umboð sveitarfélagsins á fundinum samkvæmt samþykkt sveitarstjórnarmanna í tölvupósti.

*Samþykkt samhljóða.*

26. Ráðningarsamningur leikskólustjóra á Heklukoti – framlagður til kynningar á fundinum.

**Trúnaðarmál:**

27. Trúnaðarmál.

Tillaga um að fundi verði lokað.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GIG, AMK, KS).*

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 15.20

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 13. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 10. febrúar 2011, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi, mætir undir liðum 2-4. Undir lið 4 mæta Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson frá Steinsholt ehf. Undir lið 7 mætir Bjarni Jón Matthíasson, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 5. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 1. feb. 2011.

Varðandi lið 9 í fundargerðinni er afgreiðslu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

Fyrir liggur tillaga leikskólastjóra um sumarlokun beggja leikskóla frá 5. júlí – 8. ágúst. Um er að ræða lengingu um eina viku í Heklukoti frá því sem áður var. Sveitarstjórn telur rétt að kanna hug foreldra um fyrirhugaða lengingu á lokun leikskólans Heklukots áður en tillagan er staðfest. Sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar er falið að láta gera þessa könnun hið fyrsta.

Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

2. 41. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 26. jan. 2011.

534-2011 Hjallanes II, lóð 2, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymsluskúr.

Hallgrímur Óskarsson, kt. 171249-4739, Grenigrund 32, Selfossi, óskar eftir byggingarleyfi fyrir geymsluhús við sumarhús sitt að Hjallanesi II, lóð 2, lnr. 165026, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

535-2011 Hella, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir auglýsingaskiltum.

Christian Japke Sepulveda, kt. 140881-2289, Baugöldu 8, Hellu, sækir um leyfi fh. Café Thor, til að setja upp auglýsingaskilti við Hellu, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti, en með fyrirvara um jákvæðar umsagnir Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Sveitarstjórn leggur áherslu á að óheimilt sé að reisa auglýsingaskilti og önnur mannvirki nema að áður fengnu leyfi. Leyfi er ekki fengið fyrr en byggingarfulltrúi hefur útgefið það formlega þó svo fyrir liggja samþykki byggingarnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

536-2011 Fjarkastokkur, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra – leyfi til að bæta við glugga á hesthús.

Júlíus Sigurðsson, kt. 201155-2749, Birkigrund 25, Selfossi, óskar eftir leyfi til að bæta við glugga á hesthús sitt að Fjarkastokki í Þykkvabæ, lnr. 174566, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

537-2011 Norðurnes, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Maja Siska og Páll S. Jónsson, kt. 160460-5639, Skinnhúfu, Rangárþingi ytra, óska eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi sem staðið hefur á stöðuleyfi í Norðurnesi, lnr. 195416, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

538-2011 Litli-Klofi, lóð 1, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Brynjar Freyr Stefánsson, kt. 080760-2729 og Harpa Harðardóttir, kt. 070860-7599, Lækjarhjalla 26, 200 Kópavogi, óska eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi að Litla-Klofa, lóð 1, Rangárþingi ytra, lnr. 206098, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

539-2011 Hjarðarbrekka, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.

Walter Ausserhofer, kt. 030350-2279, Ahornacherweg7, I-39032, Sand in Taufers Ítalía, óskar eftir byggingarleyfi fyrir íbúðarhús að Hjarðarbrekku í Rangárþingi ytra, lnr. 164516, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri gögn og um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

540-2011 Hjarðarbrekka, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Walter Ausserhofer, kt. 030350-2279, Ahornacherweg7, I-39032, Sand in Taufers Ítalía, óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi að Hjarðarbrekku í Rangárþingi ytra, lnr. 164516, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri gögn og um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

541-2011 Rangá, Rangárþingi ytra – leyfi til að rífa hluta húss og byggja nýtt.

Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár, kt. 691092-2599, Bjólu 1, 851 Hellu, sækir um leyfi til að rífa elsta hluta hússins að Rangá og byggja nýtt, lnr. 165412, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri gögn.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

542-2011 Fjarkastokkur, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og innri breytingum

Júlíus Sigurðsson, kt. 201155-2749, Birkigrund 25, Selfossi, óskar eftir leyfi til að byggja við og breyta innra skipulagi í sumarhúsi sínu að Fjarkastokki í Þykkvabæ, lnr. 174566, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

3. 36. fundur í skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 1. feb. 2011.

189 2011 Beiðni Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, skv. erindi mótt. 17. des. 2010.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að afla fullnægjandi gagna til afgreiðslu málsins.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og frestar afgreiðslu.*

190 2011 Beiðni Stefáns Arnórssonar um staðfestingu á landskiptum í landi Skammbeinsstaða, skv. erindi mótt. 28. des. 2010.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að afla ýtarlegri gagna til afgreiðslu málsins og frestar afgreiðslu.*

191 2011 Beiðni Guðjóns Egilssonar kt. 180969-5519 og Rósu Hlín Óskarsdóttur kt. 290772-4519 um staðfestingu á landsskiptum samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Um er að ræða íbúðarhúsalóð með landnr. 219996, stærð 33620m<sup>2</sup>, tekið úr jörðinni Selalækur 4. landnúmer 164546. Lögbylisréttur fylgir áfram Selalæk 4. landnr. 164546.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

192 2011 Beiðni Jónu Sveinsdóttur kt. 270244-5139 um staðfestingu landsskipta í landi Meiri-Tungu 3. landnr. 15131.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að afla ýtarlegri gagna til afgreiðslu málsins og frestar afgreiðslu.*

193 2011 Hjarðarbrekka Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, sumarhúss og útihúsa.

Walter Ausserhofer kt. 030350-2279 leggur fram deiliskipulag sem nær til um 2 ha svæðis í landi Hjarðarbrekku, landnr. 164516 sem er í heild um 182 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, frístundahúss auk bílskúra og byggingarreits fyrir útihús. Aðkoma að Hjarðarbrekku er af Suðurlandsvegi (nr.1) niður Oddaveg (nr.266) og um heimreið að Hjarðarbrekku.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

4. Deiliskipulag miðsvæðis Hellu – staða mála kynnt á fundinum.

Gísli Gíslason, landslagsarkitekt, og Ásgeir Jónsson, landfræðingur, hjá Steinsholt ehf. kynntu vinnutillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Hellu.

Sveitarstjórn veitir vinnuhópi, sem samansettur er af sveitarstjóra, oddvita og oddvita D-lista, umboð til að vinna áfram með sérfræðingum Steinsholt ehf. í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á svæðinu að deiliskipulagstillögum fyrir miðsvæði Hellu í anda kynningarinnar.

*Samþykkt samhljóða.*

**Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

5. SAMAN-hópurinn, beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf á árinu 2011, dags. 20. jan. 2011.

Erindinu hafnað.

*Samþykkt samhljóða.*

6. Beiðni um afnot af húsnæði sveitarfélagsins fyrir sumarhúsið CISV 1. – 23. júlí 2011, skv. erindi mótt. 4. feb. 2011.

Magnús vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og vikur af fundi.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið.

Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara í samráði við forstöðumann íþróttamiðstöðvar og skólastjóra grunnskólans á Hellu og koma með tillögu vegna erindisins.

*Samþykkt samhljóða.*

Magnús mætir aftur á fund.

7. Tilboð í fráveitubúnað frá Varma & Vélaverk ehf., dags. 22. nóv. 2010.

Uppsetning þessa fráveitubúnaðar mun takmarka mjög að óhreinsaður úrgangur berist með skólþvatni í Rangá. Mörg undanfarin ár hefur þessi brýna framkvæmd frestast og er ekki hægt að una við það lengur að mengandi úrgangur berist í ána og mikilvægt að ráðist verði í þessa framkvæmd þrátt fyrir þrönga stöðu. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður upp. 18 mkr.

Tryggja verður að framkvæmdin sé unnin í samráði og sátt við hagsmunaaðila á svæðinu. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til að ganga að tilboði Varma og Vélaverks. Framkvæmdinni er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun 2011.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Tillaga vegna leigutilboðs frá Oddasókn, skv. 8. dagskrárlið fundar sveitarstjórnar dags. 27. jan. 2011.

Á fundi sveitarstjóra og oddvita með forsvarsmönnum Oddasóknar, 7. feb. 2011, var ákveðið að sveitarstjóri og sóknarprestur myndu móta drög að samstarfssamningi sóknarnefndarinnar og sveitarfélagsins um félags- og menningarstarf.

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að málinu.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Arion Banki, viðauki við lánsamning nr. 0308-35-6347.

Þann 26.10.2007 undirrituðu Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, sem lántaki og Kaupþing banki hf., nú Arion banki hf., kt. 581008-0150, sem lánveitandi, lánsamning sem upphaflega svaraði til kr. 80.000.000,- og var veitt JPY. Lánið skyldi greiðast með 1 greiðslu þann 01.11.2008. Þann 15.12.2008 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.05.2009. Þann 29.05.2009 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.12.2009. Þann 08.12.2009 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.06.2010. Þann 30.07.2010 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.10.2010.

Lántaki hefur óskað eftir og lánveitandi samþykkt að framlengja láninu til 01.02.2018 og verður sú breyting gerð að framvegis skulu vextir af ofangreindu láni vera Libor vextir að viðbættu 3,9% vaxtaálagi. Á árinu 2011 mun Rangárþing Ytra taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 80.000.000,-. Framlenging þessi er háð því ófrávíkjanlega skilyrði að ekki komi til frekari skuldsetningar Rangárþings ytra nema með skriflegu samþykki bankans. Lántaki skal greiða 0,5% framlengingargjald vegna þessarar framlengingar. Skilmálabreyting þessi gildir frá og með 01.10.2010.

Að öðru leyti en hér greinir eru skilmálar lánsamningsins óbreyttir og tryggingar að baki láninu skulu haldast áfram óbreyttar.

Vegna réttaróvissu um lögmati gjaldeyrislána áskilur Rangárþing ytra sér fullan rétt, þrátt fyrir samþykki þessa viðauka, að með lánið verði farið fyrir rétti skv. upphaflegum lánsamningi.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til undirritunar viðaukans við lánsamninginn, að uppfylltum öllum lögformlegum skilyrðum.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Fundadagatal sveitarstjórnar og hreppsráðs árið 2011.

Sveitarstjórn fundar að jafnaði 1. fimmtudag hvers mánaðar kl. 15.00. Fundir eru áætlaðir: 3. mars, 7. apríl, 5. maí, 9. júní, 1. september, 6. október, 3. nóvember og 1. desember.

Hreppsráð fundar að jafnaði 3. fimmtudag hvers mánaðar kl. 16.00. Fundir eru áætlaðir: 24. febrúar, 17. mars, 19. maí, 16. júní, 21. júlí, 18. ágúst, 15. september, 20. október, 17. nóvember og 15. desember.

*Samþykkt samhljóða.*

11. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.

Greinargerð:

Í ljósi skuldastöðu sveitarfélagsins er afar brýnt að sýna í framkvæmd ábyrga stjórnun fjármála þess. Vöxtur skuldbindinga sveitarfélagsins hefur verið mikill undanfarin ár og framkvæmdir hafa ekki fylgt þeim ramma sem settur hefur verið í fjárhagsáætlunum. Þessari þróun verður snúið við og lögð verður áhersla á að áætlunum verði framfylgt og haft verður með því strangt eftirlit. Mikilvægasta verkefni sveitarstjórnar á þessu þriggja ára tímabili er að ná böndum á skuldastöðuna og tryggja það að sveitarfélagið geti staðið undir þeim skuldbindingum sem það þegar hefur tekist á herðar.

Sveitarfélaginu er þröngur stakkur sniðinn til allra fjárfestinga sem lúta að grunnþjónustu sveitarfélagsins, en leitað verður allra til að verja og bæta hana. Kostnaður við Suðurlandsveg 1-3 ehf. hefur verið umfram þær áætlanir fyrri tíma sem sveitarfélagið hefur staðfest og þetta verkefni á eftir að verða þungt í fjárhag þess. Í dag er stjórn félagsins og forstöðumenn sveitarfélagsins að vinna að frekari útfærslu á verkinu, ásamt því að vinna að stefnumótun fyrir húsið. Verkefnið gerir það að verkum að ekki verður hægt að vænta lækkunar skuldbindinga sveitarfélagsins fyrr en á síðari hluta tímabilsins sem áætlunin tekur yfir. Nauðsynlegt er að leita allra leiða til að verja það fjármagn og standa við þær skuldbindingar sem sveitarfélagið var búið að takast á hendur er varðar framkvæmdina. Í tillögunni 2012 er gert ráð fyrir 209,5 mkr. í fjárfestingu vegna Suðurlandsveg 1-3 ehf. sem er tilkomið vegna fyrirhugaðrar eignarhaldsbreytingar á fasteignunum við Suðurlandsveg 1-3. Vegna framvindu verksins er einnig gert ráð fyrir 100 mkr. fjárfestingu árið 2013. Þessi

fjárfesting er þó með fyrirvara um framvindu verksins og endanlega niðurstöðu um fyrirkomulag. Í tillöggunni er heildarfjárfesting félagsins sýnd en raunfjárfesting sveitarfélagsins verður í hlutfalli eignaraðildar

Fjárfestingar í tillöggunni skiptast sem hér segir:

Fjárfesting (þús. kr.)	2012	2013	2014
Grunnskólinn Hellu	10.000	20.000	20.000
Fráveita	10.000	20.000	20.000
Suðurlandsvegur 1-3 ehf.	209.500	100.000	
Samtals	229.500	140.000	40.000

Mörg tækifæri geta hins vegar skapast með endurskipulagningu og til slíkra tækifæra verður horft verði þau að veruleika. Leggja þarf markvissa vinnu í að endurmeta þörf á þeim eignum, s.s. fasteignum og eignalandi, sem sveitarfélagið á en þarf ekki að eiga til að sinna hlutverki sínu um lögboðna þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Ef og þegar svigrúm skapast þá er lögð áhersla á fjárfestingar sem koma sem flestum íbúum til hagsbóta, bætt skólahúsnæði og aðstaða fyrir börn og unglina, s.s. leikvellir. Horft verður sérstaklega til þeirra þátta sem stuðla að bættum búsetuskilyrðum í sveitarfélaginu og ekki verður hjá því komist að greiða niður skuldir sveitarfélagsins.

Skráðum íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað úr 1.600, 1. des. 2008, í 1.543, 1. des. 2010, eða um 3,6%. Þetta er þróun sem snúa þarf við í ljósi þeirra gæða og tækifæra sem við búum við í sveitarfélaginu. Mörg öflug atvinnufyrirtæki eru í sveitarfélaginu en ekkert er því til fyrirstöðu að þau eflist og fyrirtækjum fjölgi með tilheyrandi fjölbreytileika starfa. Framboð íbúða-, atvinnu- og sumarhúsalóða er í sveitarfélaginu sem er undirstaða þess að hægt sé að byggja upp enn öflugara sveitarfélag og fjölga tækifærum fyrir fólk og fyrirtæki til að setjast að í sveitarfélaginu. Þó svo að kreppi að hjá sveitarfélaginu sem rekstrareiningu er mikil uppbygging innan sveitarfélagsins. Á Hellu er unnið að uppbyggingu atvinnu- og verslunarhúsnæðis og í dreifbýlinu fjölga lögbylum og öflug uppbygging er í landbúnaði, ferðapjónustu og hestamennsku, svo eitthvað sé nefnt.

Tillaga að þriggja ára áætlun er varfærin og til þess ætluð að gefa raunsæja mynd miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Gert er ráð fyrir rekstrarafgangi öll ár áætlunarinnar, aukningu handbærs fjár og styrkingu allra helstu fjármálahlutfalla yfir tímabilið.

Tillagan borin undir atkvæði:

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).*

#### Fundargerðir til kynningar:

12. 104. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 26. jan. 2011.
13. Fundur í fjallskiladeild Holtamannafréttar, dags. 26. jan. 2011.
14. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 783. fundur, dags. 28. jan. 2011.
15. 123. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 1. feb. 2011.

Til kynningar.

Varðandi lið 2 í fundargerðinni telur sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að bera slíkan samning undir sveitarstjórnir, fyrir undirritun, þar sem um verulegar fjárskuldbindingar er að ræða og fyrir dyrum standa miklar breytingar á fyrirkomulagi sorpmála í sýslunni.

Sveitarstjóra er falið að ræða við stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. vegna málsins í samræmi við umræður á fundinum.

Varðandi lið 4 í fundargerðinni leggst sveitarstjórn gegn öllum hugmyndum um uppbyggingu sorporkuvers í sýslunni og sveitarstjórn óskar eftir að ekki verði veitt frekara fjármagni til skoðunar á slíkri framkvæmd.

Vegna umræðna undir lið 12 í fundargerðinni ákveður sveitarstjórn að vinna áfram að fyrirkomulagi tveggja tunnna sorphirðukerfis í sveitarfélaginu í samvinnu við sveitarfélögin á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu í samstarfi við framkvæmdastjóra nágrennasveitarfélaganna og stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.



*Samþykkt samhljóða.*

Guðmundur Ingi vikur af fundi.

**Fundaboð og kynningarefni:**

16. Mennta- og menningarmálaráðuneytið; Æskulýðsrannsóknirnar Ung fólk, bréf dags. 20. jan. 2011.

17. Rangárþing eystra; Bréf til formanns Héraðsnefndar Rangæinga vegna húsnæðismála, dags. 4. feb. 2011.

Í erindinu kemur fram sú skoðun forsvarsmanna Rangárþings eystra að sveitarfélögin í Rangárvallasýslu skuli hvert um sig sjá um húsnæðismál fyrir starfssemi eldri borgara.

Með tilvísun í tl. 8 hér að ofan er unnið að framtíðarfyrirkomulagi húsnæðismála fyrir tótmundastarf eldri borgara í Rangárþingi ytra.

Í anda skoðunar sveitarstjórnarmanna í Rangárþingi eystra varðandi húsnæðismál eldri borgara er það stefna Rangárþings ytra að nýta eigið húsnæði til eigin reksturs og húsnæði í eigu sveitarfélaganna til reksturs samstarfsverkefna þegar því verður við komið.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við forsvarsmenn nágrennasveitarfélaganna um húsnæðismál samstarfsverkefna.

*Samþykkt samhljóða.*

18. Framfarafélag Þykkvabæjar; Undirskriftir íbúa og hagsmunaðila í Þykkvabæ vegna kröfu um styrkingu Djúpósstíflu, skv. tölvupósti dags. 8. feb. 2011.

Sveitarstjórn þakkar innkominn undirskriftalista íbúa og hagsmunaðila í Þykkvabæ. Sveitarstjóra falið að kynna erindið á fyrirhuguðum fundi sveitarstjóra og sýslumanns með vegamálastjóra.

*Samþykkt samhljóða.*

19. Fundarboð; 441. stjórnarfundur SASS, dags. 11. febrúar 2011.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 15.30

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 13. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 10. febrúar 2011, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi, mætir undir liðum 2-4. Undir lið 4 mæta Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson frá Steinsholt ehf. Undir lið 7 mætir Bjarni Jón Matthíasson, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 5. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 1. feb. 2011.

Varðandi lið 9 í fundargerðinni er afgreiðslu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

Fyrir liggur tillaga leikskólastjóra um sumarlokun beggja leikskóla frá 5. júlí – 8. ágúst. Um er að ræða lengingu um eina viku í Heklukoti frá því sem áður var. Sveitarstjórn telur rétt að kanna hug foreldra um fyrirhugaða lengingu á lokun leikskólans Heklukots áður en tillagan er staðfest. Sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar er falið að láta gera þessa könnun hið fyrsta.

Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

2. 41. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 26. jan. 2011.

534-2011 Hjallanes II, lóð 2, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymsluskúr.

Hallgrímur Óskarsson, kt. 171249-4739, Grenigrund 32, Selfossi, óskar eftir byggingarleyfi fyrir geymsluhús við sumarhús sitt að Hjallanesi II, lóð 2, lnr. 165026, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

535-2011 Hella, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir auglýsingaskiltum.

Christian Japke Sepulveda, kt. 140881-2289, Baugöldu 8, Hellu, sækir um leyfi fh. Café Thor, til að setja upp auglýsingaskilti við Hellu, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti, en með fyrirvara um jákvæðar umsagnir Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Sveitarstjórn leggur áherslu á að óheimilt sé að reisa auglýsingaskilti og önnur mannvirki nema að áður fengnu leyfi. Leyfi er ekki fengið fyrir en byggingarfulltrúi hefur útgefið það formlega þó svo fyrir liggja samþykki byggingarnefndar.

*Samþykkt samhljóða.*

536-2011 Fjarkastokkur, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra – leyfi til að bæta við glugga á hesthús.

Júlíus Sigurðsson, kt. 201155-2749, Birkigrund 25, Selfossi, óskar eftir leyfi til að bæta við glugga á hesthús sitt að Fjarkastokki í Þykkvabæ, lnr. 174566, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

537-2011 Norðurnes, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Maja Siska og Páll S. Jónsson, kt. 160460-5639, Skinnhúfu, Rangárþingi ytra, óska eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi sem staðið hefur á stöðuleyfi í Norðurnesi, lnr. 195416, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

538-2011 Litli-Klofi, lóð 1, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Brynjár Freyr Stefánsson, kt. 080760-2729 og Harpa Harðardóttir, kt. 070860-7599, Lækjarhjalla 26, 200 Kópavogi, óska eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi að Litla-Klofa, lóð 1, Rangárþingi ytra, lnr. 206098, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

539-2011 Hjarðarbrekka, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.

Walter Ausserhofer, kt. 030350-2279, Ahornacherweg7, I-39032, Sand in Taufers Ítalía, óskar eftir byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi að Hjarðarbrekku í Rangárþingi ytra, lnr. 164516, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri gögn og um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

540-2011 Hjarðarbrekka, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Walter Ausserhofer, kt. 030350-2279, Ahornacherweg7, I-39032, Sand in Taufers Ítalía, óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi að Hjarðarbrekku í Rangárþingi ytra, lnr. 164516, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri gögn og um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

541-2011 Rangá, Rangárþingi ytra – leyfi til að rífa hluta húss og byggja nýtt.

Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár, kt. 691092-2599, Bjólu 1, 851 Hellu, sækir um leyfi til að rífa elsta hluta hússins að Rangá og byggja nýtt, lnr. 165412, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um ítarlegri gögn.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

542-2011 Fjarkastokkur, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og innri breytingum

Júlíus Sigurðsson, kt. 201155-2749, Birkigrund 25, Selfossi, óskar eftir leyfi til að byggja við og breyta innra skipulagi í sumarhúsi sínu að Fjarkastokki í Þykkvabæ, lnr. 174566, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

3. 36. fundur í skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 1. feb. 2011.

189 2011 Beiðni Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, skv. erindi mótt. 17. des. 2010.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að afla fullnægjandi gagna til afgreiðslu málsins.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og frestar afgreiðslu.*

190 2011 Beiðni Stefáns Arnórssonar um staðfestingu á landskiptum í landi Skammbeinsstaða, skv. erindi mótt. 28. des. 2010.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að afla ýtarlegri gagna til afgreiðslu málsins og frestar afgreiðslu.*

191 2011 Beiðni Guðjóns Egilssonar kt. 180969-5519 og Rósu Hlín Óskarsdóttur kt. 290772-4519 um staðfestingu á landsskiptum samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Um er að ræða íbúðarhúsaloð með landnr. 219996, stærð 33620m<sup>2</sup>, tekið úr jörðinni Selalækur 4. landnúmer 164546. Lögbylisréttur fylgir áfram Selalæk 4. landnr. 164546.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

192 2011 Beiðni Jónu Sveinsdóttur kt. 270244-5139 um staðfestingu landsskipta í landi Meiri-Tungu 3. landnr. 15131.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að afla ýtarlegri gagna til afgreiðslu málsins og frestar afgreiðslu.*

193 2011 Hjarðarbrekka Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, sumarhúss og útihúsa.

Walter Ausserhofer kt. 030350-2279 leggur fram deiliskipulag sem nær til um 2 ha svæðis í landi Hjarðarbrekku, landnr.164516 sem er í heild um 182 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, frístundahúss auk bílskúra og byggingarreits fyrir útihús. Aðkoma að Hjarðarbrekku er af Suðurlandsvegi (nr.1) niður Oddaveg (nr.266) og um heimreið að Hjarðarbrekku.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

#### 4. Deiliskipulag miðsvæðis Hellu – staða mála kynnt á fundinum.

Gísli Gíslason, landslagsarkitekt, og Ásgeir Jónsson, landfræðingur, hjá Steinsholt ehf. kynntu vinnutillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Hellu.

Sveitarstjórn veitir vinnuhópi, sem samansettur er af sveitarstjóra, oddvita og oddvita D-lista, umboð til að vinna áfram með sérfræðingum Steinsholt ehf. í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á svæðinu að deiliskipulagstillögum fyrir miðsvæði Hellu í anda kynningarinnar.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

##### 5. SAMAN-hópurinn, beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf á árinu 2011, dags. 20. jan. 2011.

Erindinu hafnað.

*Samþykkt samhljóða.*

##### 6. Beiðni um afnot af húsnæði sveitarfélagsins fyrir sumarhúðir CISV 1. – 23. júlí 2011, skv. erindi mótt. 4. feb. 2011.

Magnús vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og vikur af fundi.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið.

Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara í samráði við forstöðumann íþróttamiðstöðvar og skólustjóra grunnskólans á Hellu og koma með tillögu vegna erindisins.

*Samþykkt samhljóða.*

Magnús mætir aftur á fund.

##### 7. Tilboð í fráveitubúnað frá Varma & Vélaverk ehf., dags. 22. nóv. 2010.

Uppsetning þessa fráveitubúnaðar mun takmarka mjög að óhreinsaður úrgangur berist með skólþvatni í Rangá. Mörg undanfarin ár hefur þessi brýna framkvæmd frestast og er ekki hægt að una við það lengur að mengandi úrgangur berist í ána og mikilvægt að ráðist verði í þessa framkvæmd þrátt fyrir þrönga stöðu. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður upp. 18 mkr.

Tryggja verður að framkvæmdin sé unnin í samráði og sátt við hagsmunaaðila á svæðinu. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til að ganga að tilboði Varma og Vélaverks. Framkvæmdinni er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun 2011.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Tillaga vegna leigutilboðs frá Oddasókn, skv. 8. dagskrárlið fundar sveitarstjórnar dags. 27. jan. 2011.

Á fundi sveitarstjóra og oddvita með forsvarsmönnum Oddasóknar, 7. feb. 2011, var ákveðið að sveitarstjóri og sóknarprestur myndu móta drög að samstarfssamningi sóknarnefndarinnar og sveitarfélagsins um félags- og menningarstarf.

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að málinu.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Arion Banki, viðauki við lánsamning nr. 0308-35-6347.

Þann 26.10.2007 undirrituðu Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, sem lántaki og Kaupþing banki hf., nú Arion banki hf., kt. 581008-0150, sem lánveitandi, lánsamning sem upphaflega svaraði til kr. 80.000.000,- og var veitt JPY. Lánið skyldi greiddast með 1 greiðslu þann 01.11.2008. Þann 15.12.2008 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.05.2009. Þann 29.05.2009 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.12.2009. Þann 08.12.2009 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.06.2010. Þann 30.07.2010 var gerður viðauki við lánsamninginn og láninu framlengt til 01.10.2010.

Lántaki hefur óskað eftir og lánveitandi samþykkt að framlengja láninu til 01.02.2018 og verður sú breyting gerð að framvegis skulu vextir af ofangreindu láni vera Libor vextir að viðbættu 3,9% vaxtaálagi. Á árinu 2011 mun Rangárþing Ytra taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 80.000.000,-. Framlenging þessi er háð því ófrávikjanlega skilyrði að ekki komi til frekari skuldsetningar Rangárþings ytra nema með skriflegu samþykki bankans. Lántaki skal greiða 0,5% framlengingargjald vegna þessarar framlengingar. Skilmálabreyting þessi gildir frá og með 01.10.2010.

Að öðru leyti en hér greinir eru skilmálar lánsamningsins óbreyttir og tryggingar að baki láninu skulu haldast áfram óbreyttar.

Vegna réttaróvissu um lögumtæki gjaldveislána áskilur Rangárþing ytra sér fullan rétt, þrátt fyrir samþykki þessa viðauka, að með lánið verði farið fyrir rétti skv. upphaflegum lánsamningi.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til undirritunar viðaukans við lánsamninginn, að uppfylltum öllum lögformlegum skilyrðum.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Fundadagatal sveitarstjórnar og hreppsráðs árið 2011.

Sveitarstjórn fundar að jafnaði 1. fimmtudag hvers mánaðar kl. 15.00. Fundir eru áætlaðir: 3. mars, 7. apríl, 5. maí, 9. júní, 1. september, 6. október, 3. nóvember og 1. desember.

Hreppsráð fundar að jafnaði 3. fimmtudag hvers mánaðar kl. 16.00. Fundir eru áætlaðir: 24. febrúar, 17. mars, 19. maí, 16. júní, 21. júlí, 18. ágúst, 15. september, 20. október, 17. nóvember og 15. desember.

*Samþykkt samhljóða.*

11. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.

Greinargerð:

Í ljósi skuldastöðu sveitarfélagsins er afar brýnt að sýna í framkvæmd ábyrga stjórnun fjármála þess. Vöxtur skuldbindinga sveitarfélagsins hefur verið mikill undanfarin ár og framkvæmdir hafa ekki fylgt þeim ramma sem settur hefur verið í fjárhagsáætlunum. Þessari þróun verður snúið við og lögð verður áhersla á að áætlunum verði framfylgt og haft verður með því strangt eftirlit. Mikilvægasta verkefni sveitarstjórnar á þessu þriggja ára tímabili er að ná böndum á skuldastöðuna og tryggja það að sveitarfélagið geti staðið undir þeim skuldbindingum sem það þegar hefur tekist á herðar.

Sveitarfélaginu er þröngur stakkur sniðinn til allra fjárfestinga sem lúta að grunnþjónustu sveitarfélagsins, en leitað verður allra til að verja og bæta hana. Kostnaður við Suðurlandsveg 1-3 ehf. hefur verið umfram þær áætlanir fyrri tíma sem sveitarfélagið hefur staðfest og þetta verkefni á eftir að verða þungt í fjárhag þess. Í dag er stjórn félagsins og forstöðumenn sveitarfélagsins að vinna að frekari útfærslu á verkinu, ásamt því að vinna að stefnumótun fyrir húsið. Verkefnið gerir það að verkum að ekki verður hægt að vænta lækkunar skuldbindinga sveitarfélagsins fyrr en á síðari hluta tímabilsins sem áætlunin tekur yfir. Nauðsynlegt er að leita allra leiða til að verja það fjármagn og standa við þær skuldbindingar sem sveitarfélagið var búið að takast á hendur er varðar framkvæmdina. Í tillöggunni 2012 er gert ráð fyrir 209,5 mkr. í fjárfestingu vegna Suðurlandsvegar 1-3 ehf. sem er tilkomið vegna fyrirhugaðrar eignarhaldsbreytingar á fasteignunum við Suðurlandsveg 1-3. Vegna framvindu verksins er einnig gert ráð fyrir 100 mkr. fjárfestingu árið 2013. Þessi

fjárfesting er þó með fyrirvara um framvindu verksins og endanlega niðurstöðu um fyrirkomulag. Í tillögunni er heildarfjárfesting félagsins sýnd en raunfjárfesting sveitarfélagsins verður í hlutfalli eignaraðildar

Fjárfestingar í tillögunni skiptast sem hér segir:

Fjárfesting (þús. kr.)	2012	2013	2014
Grunnskólinn Hellu	10.000	20.000	20.000
Fráveita	10.000	20.000	20.000
Suðurlandsvegur 1-3 ehf.	209.500	100.000	
Samtals	229.500	140.000	40.000

Mörg tækifæri geta hins vegar skapast með endurskipulagningu og til slíkra tækifæra verður horft verði þau að veruleika. Leggja þarf markvissa vinnu í að endurmeta þörf á þeim eignum, s.s. fasteignum og eignalandi, sem sveitarfélagið á en þarf ekki að eiga til að sinna hlutverki sínu um lögboðna þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Ef og þegar svigrúm skapast þá er lögð áhersla á fjárfestingar sem koma sem flestum íbúum til hagsbóta, bætt skólahúsnæði og aðstaða fyrir börn og unglunga, s.s. leikvellir. Horft verður sérstaklega til þeirra þátta sem stuðla að bættum búsetuskilyrðum í sveitarfélaginu og ekki verður hjá því komist að greiða niður skuldir sveitarfélagsins.

Skráðum íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað úr 1.600, 1. des. 2008, í 1.543, 1. des. 2010, eða um 3,6%. Þetta er þróun sem snúa þarf við í ljósi þeirra gæða og tækifæra sem við búum við í sveitarfélaginu. Mörg öflug atvinnufyrirtæki eru í sveitarfélaginu en ekkert er því til fyrirstöðu að þau eflist og fyrirtækjum fjölgi með tilheyrandi fjölbreytileika starfa. Framboð íbúða-, atvinnu- og sumarhúsalóða er í sveitarfélaginu sem er undirstaða þess að hægt sé að byggja upp enn öflugara sveitarfélag og fjölga tækifærum fyrir fólk og fyrirtæki til að setjast að í sveitarfélaginu. Þó svo að kreppi að hjá sveitarfélaginu sem rekstrareiningu er mikil uppbygging innan sveitarfélagsins. Á Hellu er unnið að uppbyggingu atvinnu- og verslunarhúsnæðis og í dreifbýlinu fjölga lögbylum og öflug uppbygging er í landbúnaði, ferðaþjónustu og hestamennsku, svo eitthvað sé nefnt.

Tillaga að þriggja ára áætlun er varfærin og til þess ætluð að gefa raunsæja mynd miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Gert er ráð fyrir rekstrarafgangi öll ár áætlunarinnar, aukningu handbærs fjár og styrkingu allra helstu fjármálahlutfalla yfir tímabilið.

Tillagan borin undir atkvæði:

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).*

#### Fundargerðir til kynningar:

12. 104. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 26. jan. 2011.
13. Fundur í fjallskiladeild Holtamannafréttar, dags. 26. jan. 2011.
14. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 783. fundur, dags. 28. jan. 2011.
15. 123. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 1. feb. 2011.

Til kynningar.

Varðandi lið 2 í fundargerðinni telur sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að bera slíkan samning undir sveitarstjórnir, fyrir undirritun, þar sem um verulegar fjárskuldbindingar er að ræða og fyrir dyrum standa miklar breytingar á fyrirkomulagi sorpmála í sýslunni.

Sveitarstjóra er falið að ræða við stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. vegna málsins í samræmi við umræður á fundinum.

Varðandi lið 4 í fundargerðinni leggst sveitarstjórn gegn öllum hugmyndum um uppbyggingu sorporkuvers í sýslunni og sveitarstjórn óskar eftir að ekki verði veitt frekara fjármagn til skoðunar á slíkri framkvæmd.

Vegna umræðna undir lið 12 í fundargerðinni ákveður sveitarstjórn að vinna áfram að fyrirkomulagi tveggja tunnu sorphirðukerfis í sveitarfélaginu í samvinnu við sveitarfélögin á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu í samstarfi við framkvæmdastjóra nágrannasveitarfélaganna og stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

*Samþykkt samhljóða.*

Guðmundur Ingi vikur af fundi.

**Fundaboð og kynningarefni:**

16. Mennta- og menningarmálaráðuneytið; Æskulýðsrannsóknirnar Ung fólk, bréf dags. 20. jan. 2011.

17. Rangárþing eystra; Bréf til formanns Héraðsnefndar Rangæinga vegna húsnæðismála, dags. 4. feb. 2011.

Í erindinu kemur fram sú skoðun forsvarsmanna Rangárþings eystra að sveitarfélögin í Rangárvallasýslu skuli hvert um sig sjá um húsnæðismál fyrir starfssemi eldri borgara.

Með tilvísun í tl. 8 hér að ofan er unnið að framtíðarfyrirkomulagi húsnæðismála fyrir tómsfundastarf eldri borgara í Rangárþingi ytra.

Í anda skoðunar sveitarstjórnarmanna í Rangárþingi eystra varðandi húsnæðismál eldri borgara er það stefna Rangárþings ytra að nýta eigið húsnæði til eigin reksturs og húsnæði í eigu sveitarfélaganna til reksturs samstarfsverkefna þegar því verður við komið.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við forsvarsmenn nágrannasveitarfélaganna um húsnæðismál samstarfsverkefna.

*Samþykkt samhljóða.*

18. Framfarafélag Þykkvabæjar; Undirskriftir íbúa og hagsmunaðila í Þykkvabæ vegna kröfu um styrkingu Djúpsstíflu, skv. tölvupósti dags. 8. feb. 2011.

Sveitarstjórn þakkar innkominn undirskriftalista íbúa og hagsmunaðila í Þykkvabæ. Sveitarstjóra falið að kynna erindið á fyrirhuguðum fundi sveitarstjóra og sýslumanns með vegamálastjóra.

*Samþykkt samhljóða.*

19. Fundarboð; 441. stjórnarfundur SASS, dags. 11. febrúar 2011.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 15.30

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 14. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 3. mars 2011, kl. 15.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi, mætir undir liðum 2-8.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 10. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 24. feb. 2011.

Varðandi lið 1 í fundargerðinni staðfestir sveitarstjórn framlögð samningsdrög að þjónustusamningi við UMF Framtíðina.

Sveitarstjóra er falið að undirrita samninginn f.h. sveitarstjórnar.

Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

2. 42. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 24. feb. 2011.

552-2011 Norðurnes, lóð 7, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Maja Siska, kt. 250169-2729, Skinnhúfu, Rangárþingi ytra, óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 7 í Norðurnesi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

553-2011 Svínhagi lóð R-30, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Haraldur Magnússon, kt. 160463-2019, Geitasandi 2, Hellu, sækir um byggingarleyfi á sumarhúsi á lóð sinni nr. R-30 í landi Svínhaga, Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Húsið er flutt á staðinn.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

554-2011 Breyting á innra skipulagi að Dynskálum 50, Hellu.

Ólafur Júlíusson kt. 141158-7599 sækir um f.h. Fiskáss kt. 581273-0349, leyfi til að breyta innra skipulagi að Dynskálum 50, á Hellu. Breytingin felur í sér að hluta húss er breytt í verslun.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við að minniháttar verslunaraðstaða verði í hluta af iðnaðarhúsnæði Fiskáss.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

3. 37. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 28. feb. 2011.

Frestað mál frá fundi 1. febrúar 2011:

193 2011 Hjarðarbrekka Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, sumarhúss og útihúsa.

Bókun skipulagsnefndar 1. febrúar 2011:

Walter Ausserhofer kt. 030350-2279 leggur fram deiliskipulag sem nær til um 2 ha svæðis í landi Hjarðarbrekku, landnr. 164516 sem er í heild um 182 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss,



frístundahúss auk bílskúra og byggingarreits fyrir útihús. Aðkoma að Hjarðarbrekku er af Suðurlandsvegi (nr. 1) niður Oddaveg (nr. 266) og um heimreið að Hjarðarbrekku.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

Bókun skipulagsnefndar nú:

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Frestað mál frá fundi 1. febrúar 2011:

189 2011 Beiðni Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, skv. erindi mótt. 17. des. 2010.

Bókun skipulagsnefndar 1. febrúar 2011:

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að afla fullnægjandi gagna til afgreiðslu málsins.

Bókun skipulagsnefndar nú:

Óskað er eftir frekari rökstuðningi er varðar landskiptin og gagna um eignarhald umræddra landspildna í ljósi innsendra gagna. Sveitarstjórn Rangárþings ytra er síðan falið að fullafgreiða málið.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og er afgreiðslu erindisins frestað.*

199 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna færslu á Búðarháslínu.

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytingar á legu Búðarháslínu 1 og nýs iðnaðarsvæðis fyrir tengivirki, þar sem Búðarháslína 1 kemur að Hrauneyjafosslínu 1.

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem staðfest var 2. febrúar 2011 eru að gerð er breyting á greinargerð, köflum 14.2 um iðnaðarsvæði og 16.1 um háspennulínur. Á afreittaruppdrátt sveitarfélagsins er sett inn nýtt iðnaðarsvæði og legu Búðarháslínu 1 er breytt. Samsvarandi breyting á Búðarháslínu 1 er gerð á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.

Samsvarandi breyting verður gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarháslínu 1 frá 2001.

Tilkynning um breytingu á línustæði hefur verið send Skipulagstofnun sem komst að þeirri niðurstöðu að breytingin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Lega Búðarháslínu hefur ekki áhrif á svæðisskipulag miðhálandisins sbr. umsögn nefndarinnar dags. 12. maí 2010.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings 2010-2022, og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

200 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna nýs þjónustu- og frístundasvæðis í landi Heysholts í Rangárþingi ytra.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og tekur hún til breyttrar landnotkunar í landi Heysholts í Landsveit (landnr. 164975). Í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði norðan Landvegar (nr. 26), þar er einnig hverfisverndarsvæðið H7, sem er mýri í landi Heysholts.

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011 er að gerð er breyting á greinargerð, köflum 4.3 um frístundabyggð og 4.6 um verslunar- og þjónustusvæði og samsvarandi breyting á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

Gert er ráð fyrir að um 18 ha svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Á frístundasvæðinu er gert ráð fyrir allt að 36 lóðum. Gert er ráð fyrir að um 7 ha svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu sem tengjast mun ferðaþjónustu. Hægt er að skipuleggja allt að 12 lóðir á svæðinu.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings 2010-2022, og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

201 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna 5 nýrra frístundasvæða. (Maurholt, Tjörfastaðir, Heklukot, Hallstún og Sælukot)

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011 er að gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.

Maurholt: Rúmlega 40 ha landspildu (landnr. 165449) hefur verið skipt út úr jörðinni Ægissíðu I og heitir spildan Maurholt. Á um 4 ha verða skipulagðar 4 lóðir fyrir frístundabyggð. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Bugaveg nr. 273 og þaðan um aðkomuveg inn á svæðið. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn og gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar lóðirnar.

Tjörfastaðir: Um 4 ha frístundasvæði er afmarkað úr jörðinni Tjörfastöðum (landnr. 165013). Áætlað er að skipuleggja 4 lóðir á frístundasvæðinu. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Árbæjarveg (nr. 271), Bjallaveg (nr.272), Húsagarðsveg (nr. 2771) og þaðan um aðkomuveg að Tjörfastöðum. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn og gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar lóðirnar.

Hallstún: Um 15 ha landspildu (landnr. 203907), hefur verið skipt út úr landi Hallstúns. Nýtt frístundasvæði, allt að 5 ha er afmarkað á spildunni og er heimilt að byggja þar allt að 6 hús. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Landveg (nr. 26) og þaðan um aðkomuveg að Hallstúni. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn. Gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar byggingar.

Heklukot: Afmarkað er frístundasvæði úr jörðinni Koti á Rangárvöllum á um 1,5 ha eignarlóð (landnr. 164718).Lóðin nefnist Heklukot og eru nú þegar 2 byggingar á henni. Lóðin er á vatnsverndarsvæði III skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Áætlað er að hægt sé að byggja allt að 5 hús á lóðinni. Aðkoma að svæðinu er um Rangárvallaveg (nr. 264) og Heklubraut. Ekki er gert ráð fyrir að húsin tengist almennum veitukerfum. Gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir öll húsin og þar sem lóðin er innan vatnsverndarsvæðis III verður útfærsla fráveitu unnin í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Sælukot: Í gildandi aðalskipulagi er afmarkað um 90 ha frístundasvæði (F18) í landi Haga í Holtum. Innan frístundasvæðisins er landspildan Sælukot, um 25 ha, sem skipt var út úr landi Haga.Frístundasvæðið í Sælukoti verður minnkað um 12 ha og breytt í landbúnaðarsvæði. Áætlað er að Sælukot verði sérstæð jörð og þar verði heimilt að stunda þá starfsemi sem heimiluð er á landbúnaðarsvæðum, skv. kafla 4.1 í greinargerð aðalskipulags.

Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna ofangreindra deiliskipulaga, og mælist til að tillagan verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

202 2011 Sælukot í Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, frístundahúsa, hesthúss og skemmu.

Skipulagsstofnun hafnaði deiliskipulaginu þar sem það væri ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagið er því tekið aftur til formlegrar afgreiðslu.

Um er að ræða deiliskipulag á 25,1 ha landi Sælukots sem er norðaustan við Eystra Gíslholtsvatn og vestan við Þjóðveg nr. 286. Landinu var á sínum tíma skipt út úr landi Haga í Holta- og Landsveit, nú Rangárþingi ytra. Innan deiliskipulagsreits eru nú þegar komin eitt íbúðarhús, eitt frístundahús og eitt hesthús. Fyrirhugað er að reisa þar að auki reiðskemmu við hesthúsið og 2 frístundahús í suðausturhorni landsins.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

4. Bréf frá Önnu Sigrúnu Guðmundsdóttur og Vilhjálmi Guðmundssyni; Varðar beiðni Vorlands ehf. um landskipti, dags. 18. feb. 2011.

Í erindinu er farið fram á að sveitarstjórn afturkalli afgreiðslu á landskiptum Vorlands ehf., Fannars Ólafssonar, sem afgreidd var í Hreppsráði 23. maí 2006.

Sveitarstjórn vísar í bókun Hreppsráðs frá fundi 23. maí 2006:

„Lagt fram bréf frá Fannari Ólafssyni, dagsett 22/5'06, með beiðni um umsögn vegna skiptingar spildna úr landi Háfshjáleigu.

Hreppsráð gerir ekki athugasemd við framangreindar landskiptingar með fyrirvara um þinglýst eignarhald og rétt mörk milli jarða.”

*Álit sveitarstjórnar; Hreppsráð er umsagnaraðili í málinu og ekki er tekin afstaða er varðar eignarhald eða mörk á milli jarða í afgreiðslunni.*

*Álit sveitarstjórnar er samþykkt samhljóða.*

Bókun vegna liðar 4 á dagskrá 14. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra, 3. mars 2011.

Undirritaður vill áréttta vegna ummæla í bréfi Önnu Sigrúnar Guðmundsdóttur og Vilhjalms Guðmundssonar að hreppsráð samþykkti ekki erindi frá Vorlandi ehf. 23. maí 2006. Hið rétta er að ekki voru gerðar athugasemdir við erindið, með þeim fyrirvara að ekki væri ágreiningur um landamerki og að eignarhaldið væri rétt þinglýst. Það liggur fyrir að það er ágreiningur um landamerki og einnig koma fram sterkar vísbendingar um að a.m.k. hluti umrædds lands sé ekki þinglýstur á Vorland ehf. og hafa tveir landeigendur af þremur aðliggjandi jarða þegar komið fram með athugasemdir um að þeir eigi hluta landsins. Það liggur því í augum uppi að fyrirvari hreppsráðs heldur og erindið er því ekki samþykkt sem slíkt.

Undirritaður telur mikilvægt, áður en frekar er aðhafst skipulagslega á svæðinu, að það liggi fyrir rétt, óumdeild landamerki á þessu svæði og varar við því að sveitarfélagið blandi sér inn í umræddar landamerkjadeilur.

Ingvar P. Guðbjörnsson, formaður hreppsráðs í maí 2006.

5. Bréf frá Lögmonnum Árbæ slf., fh. Karls Ólafssonar, forráðamanns Króar ehf.; Varðar beiðni Vorlands ehf. um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, dags. 18. feb. 2011.

Í umræddu bréfi kemur fram að Karl Ólafsson fh. Kró ehf. mótmælir beiðni Fannars Ólafssonar fyrir hönd Vorlands ehf. vegna landskipta hans.

Til kynningar.

6. Umsókn um stofnun lögbýlis; Guðberg Þórhallsson og Sigrún Stefánsdóttir sækja um stofnun lögbýlis, til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, á lóð R28 í Heklubygð, Svínhaga, í Rangárþingi ytra. Umsókn móttækin á skrifstofu Rangárþings ytra 1. mars 2011.

Erindinu er ekki vísað beint til sveitarstjórnar en í umsókn til ráðuneytisins, um stofnun lögbýlis, er krafist umsagnar sveitarfélags. Ekki kemur skýrt fram í innsendum gögnum hvort umsækjandi sé að fara fram á umsögn sveitarstjórnar en ef svo er getur sveitarstjórn ekki fallist á að veita umsækjendum heimild til stofnunar lögbýlis á umræddri lóð, þar sem hún er inni í miðju skipulagðrar frístundabyggðar.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Frestað erindi frá 12. fundi sveitarstjórnar 27. jan. 2011, tl. 3; Beiðni Sýslumannsins á Hvolsvelli um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað í flokki I að Þjóðólshaga 25, erindi dags. 12. jan. 2011.

Sveitarstjórn ítrekar bókun sína frá 12. fundi þar sem forsendur hafa ekki breyst.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Beiðni skipulags- og byggingarfulltrúa um að sveitarstjórn taki til umfjöllunar fyrirkomulag skipulags- og byggingarmála í ljósi nýrra skipulags- og mannvirkjalaga, skv. tölvupósti dags. 28. feb. 2011.

Sveitarstjóra falið að leita til nágrannasveitarfélaganna um samstarf um framtíðarfyrirkomulag skipulags- og byggingarmála í Rangárvallasýslu. Tillaga verður lögð fyrir sveitarstjórnir í sýslunni þegar hún liggur fyrir.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

9. Kartöfluballsnefnd; Beiðni um niðurfellingu á húsaleigu vegna Kartöfluballs í Þykkvabæ, dags. 9. feb. 2011.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sambærilegan styrk og veittur var fyrir þorablót á Hellu og á Laugalandi. Innheimt er gjald, 250 kr. af hverjum seldum miða, sem gengur upp í leigu á Íþróttahúsinu. Veittur er styrkur á móti því sem vantar upp á fulla húsaleigu.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Erindi frá Vilborgu Sigurðardóttur; Athugasemdir vegna háspennulína í nágrenni Hellu, dags. 14. feb. 2011.

Í erindinu kemur fram ósk um að háspennulínur sem liggja meðfram Hellu verði færðar frá byggð. Fram koma áhyggjur vegna rafsegulsviðs í kringum línurnar og einnig er varðar sjónmengun.

Sveitarstjórn þakkar þarfar ábendingar og leggur áherslu á að brugðist verði skjótt við.

Sveitarstjóra falið að koma á fundi með forsvarsmönnum Landsnets og RARIK vegna erindisins.

*Samþykkt samhljóða.*

11. Skógræktarfélag Rangæinga; Aldamótaskógur á Gaddsstöðum, bréf dags. 16. feb. 2011.

Í erindinu kemur fram að svæðið er notað sem æfingasvæði vélhjólamanna í malargrýfjum en farið er út fyrirsvæðið sem bréfritari telur óásættanlegt gagnvart skógræktinni á svæðinu

Sveitarstjórn tekur undir með bréfritarara að nauðsynlegt er að finna framtíðarsvæði fyrir vélhjólamenn og ekki geti talist ásættanlegt að iðjan sé stunduð í Aldamótaskóginum.

Sveitarstjóra falið að kynna málið fyrir formanni íþrótt- og tómstundanevndar og nefndinni falið að ræða við áhugafólk um hvort að grundvöllur er fyrir stofnun/endurvakningu félags áhugafólks um vélhjólaiþróttir, til að mynda reglur fyrir félagsmenn og hafa starfið markvissara. Einnig að huga að framtíðar svæði þar sem hægt er að iðka íþróttina í sátt við náttúruna.

*Samþykkt samhljóða.*

12. Áskorun og undirskriftalisti frá Rangárvalladeild Geysis; Ósk um að gerðar verði úrbætur á aðgengi að röri undir Þjóðveg 1 við Hellu, mótt. 18. feb. 2011.

Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur undir nauðsyn þess að brugðist verði skjótt við.

Mikilvægt er að umferð hrossa sé á þar til gerðum reiðleiðum í þéttbýlinu til að tryggja sem best öryggi þeirra sem eru að stunda íþróttina og þeirra sem verða á vegi þeirra. Forstöðumanni þjónustumiðstöðvar falið að leysa aðgengismál á svæðinu í samráði við umhverfis-, samgöngu- og hálendisnefnd og sveitarstjóra.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Rangárbakkar ehf. og Rangárhöllin ehf.; Beiðni/boð um hækkun hlutfjár í félögunum, skv. erindi dags. 28. feb. 2011.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og vikur af fundi.

Á hluthafafundi beggja félaga 21. febrúar sl. var samþykkt að leita til hluthafa um aukningu hlutfjár vegna endurskipulagningu rekstrar félaganna. Heildarhlutur Rangárþings ytra er um 12.24% af heildarsamstæðunni. Óskað er eftir 550.800,- kr. til þessara aðgerða frá Rangárþingi ytra sem er þá sú upphæð sem er í hlutföllum við eignarhlut sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram hlutfé að heildarfjárhæð kr. 550.800,- í Rangárbakka ehf. og Rangárhöllina ehf. Þetta er með þeim fyrirvara um að settu markmiði verði náð, þ.e. að hluthafar leggist á eitt með að standa að því að auka hlutfé sitt, eða útvegi nýtt hlutfé, og að hægt verði að semja við þá sem eiga lausakröfur á félögin. Einnig að bankastofnanir séu tilbúnar að bíða með frekari innheimtuaðgerðir til að ná settum markmiðum sem er að forða félögunum frá gjaldþroti, sem blasir annars við. Sveitarstjórn samþykkir kaupin á þeim forsendum að verið sé að verja þær mikilvægu fasteignir sem eru tiltölulega lágt veðsettar og einnig þá starfsemi sem er innan sveitarfélagsins og það gert þrátt fyrir þrönga fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Ekki verður tekin afstaða til frekari hlutfjárkaupa að svo komnu máli.

Tillit skal tekið til þessa við endurskoðun á fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

*Samþykkt samhljóða.*

Ingvar Pétur mætir aftur á fund.

14. Sumarlokun leikskóla, frestað erindi frá 13. fundi sveitarstjórnar 10. feb. 2011, 1. tl.

Könnun var gerð meðal foreldra leikskólabarna í Heklukoti og í Leikskólanum á Laugalandi um hvaða tími hentaði best til sumarlokunar. Niðurstaðan var að 2/3 foreldra voru sáttir við lokun í 5 vikur frá 4. júlí til 5. ágúst. Hinsvegar fannst 1/3 þeirra of langt að loka í 5 vikur. Í ljósi þess að 5 vikna lokun er íþyngjandi fyrir svo marga vill sveitarstjórn koma til móts við þarfir foreldra og hafa lokun leikskólanna 4 vikur eins og áður hefur tíðkast, frá 11. júlí til 5. ágúst (báðir dagar meðtaldir). Með því skapast meiri sveigjanleiki fyrir fólk til að geta verið í sumarfríi á sama tíma og börnin.

*Samþykkt samhljóða.*

15. Tillaga að samþykkt fyrir Ungmennaráð Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Sveitarstjóra er falið að vinna að breytingum á samþykktardrögum, í samræmi við umræður á fundinum, og leggja fyrir næsta fund samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

16. 20. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 17. feb. 2011.

Til kynningar.

17. 7. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu, dags. 23. feb. 2011.

Til kynningar.

18. 198. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 24. feb. 2011.

Til kynningar.

#### **Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

19. Ungmennafélag Íslands; Umsóknir óskast um að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2013/2014, skv. bréfi dags. 28. jan. 2011.

Sveitarstjóra falið að kanna málið, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, og sækja um ef fjárhagsgrundvöllur er fyrir slíku.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá (IPG).*

20. Ungmennafélag Íslands; Umsóknir óskast um að halda fyrsta Landsmót UMFÍ 50+, skv. bréfi dags. 15. feb. 2011.

Sveitarstjóra falið að kanna málið, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, og sækja um ef fjárhagsgrundvöllur er fyrir slíku.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá (IPG).*

21. Náttúruminjasafn Íslands; Svarbréf safnstjóra vegna fyrirspurna sveitarstjóra um málefni safnsins, dags. 18. feb. 2011.

Til kynningar.

22. Ályktun stjórnar Félags leikskólakennara vegna niðurskurðar til leikskóla hjá sveitarfélögum landsins, bréf dags. 22. feb. 2011.

23. Lánasjóður sveitarfélaga; Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 23. feb. 2011.

Sveitarstjórn hvetur Gunnstein R. Ómarsson, sveitarstjóra, til að gefa kost á sér í stjórn Lánasjóðsins.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá (ST).*

24. Samband íslenskra sveitarfélaga; XXV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, bréf dags. 24. feb. 2011.

25. Tillögur forstöðumanns þjónustumiðstöðvar varðandi mögulegan flutning á Mýrarkoti, dags. 1. mars 2011.

Lagðar voru fram kostnaðartillögur og hugmyndir um hugsanlegan flutning hússins, sem var leikskóli á Laugalandi, á skólalóð Grunnskólans á Hellu. Húsnæðið er hugsað sem smíða- og handmenntahús við grunnskólann.

Sveitarstjóra falið að kanna málið betur með forstöðumanni þjónustumiðstöðvar, skólastjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir næsta fund Samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Tillagan borin undir atkvæði:

*Samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sitja hjá (GIG, AMK, IPG).*

Bókun D-lista:

D-listinn hvetur til þess að fleiri möguleikar verði teknir til skoðunar samhliða til þess að finna lausn á húsnæðisvanda til handmenntarkennslu. D-listinn telur hæpið að það takist að flytja Mýrarkot til Hellu nema með ærnum tilkostnaði sem erfitt getur orðið að réttlæta.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Anna María Kristjánsdóttir

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16.19

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 14. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 3. mars 2011, kl. 15.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi, mætir undir liðum 2-8.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 10. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 24. feb. 2011.

Varðandi lið 1 í fundargerðinni staðfestir sveitarstjórn framlögð sammingsdrög að þjónustusamningi við UMF Framtíðina.

Sveitarstjóra er falið að undirrita samninginn f.h. sveitarstjórnar.

Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:

2. 42. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 24. feb. 2011.

552-2011 Norðurnes, lóð 7, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Maja Siska, kt. 250169-2729, Skinnhúfu, Rangárþingi ytra, óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 7 í Norðurnesi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

553-2011 Svínhagi lóð R-30, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Haraldur Magnússon, kt. 160463-2019, Geitasandi 2, Hellu, sækir um byggingarleyfi á sumarhúsi á lóð sinni nr. R-30 í landi Svínhaga, Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Húsið er flutt á staðinn.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

554- 2011 Breyting á innra skipulagi að Dynskálum 50, Hellu.

Ólafur Júlíusson kt.141158-7599 sækir um f.h. Fiskáss kt. 581273-0349, leyfi til að breyta innra skipulagi að Dynskálum 50, á Hellu. Breytingin felur í sér að hluta húss er breytt í verslun.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við að minniháttar verslunaraðstaða verði í hluta af iðnaðarhúsnæði Fiskáss.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

3. 37. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 28. feb. 2011.

Frestað mál frá fundi 1. febrúar 2011:

193 2011 Hjarðarbrekka Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, sumarhúss og útihúsa.

Bókun skipulagsnefndar 1. febrúar 2011:

Walter Ausserhofer kt. 030350-2279 leggur fram deiliskipulag sem nær til um 2 ha svæðis í landi Hjarðarbrekku, landnr.164516 sem er í heild um 182 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss,

frístundahúss auk bílskúra og byggingarreits fyrir útihús. Aðkoma að Hjarðarbrekku er af Suðurlandsvegi (nr. 1) niður Oddaveg (nr. 266) og um heimreið að Hjarðarbrekku.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

Bókun skipulagsnefndar nú:

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Frestað mál frá fundi 1. febrúar 2011:

189 2011 Beiðni Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, skv. erindi mótt. 17. des. 2010.

Bókun skipulagsnefndar 1. febrúar 2011:

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að afla fullnægjandi gagna til afgreiðslu málsins.

Bókun skipulagsnefndar nú:

Óskað er eftir frekari rökstuðningi er varðar landskiptin og gagna um eignarhald umræddra landskiptna í ljósi innsendra gagna. Sveitarstjórn Rangárþings ytra er síðan falið að fullafgreiða málið.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og er afgreiðslu erindisins frestað.*

199 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna færslu á Búðarhálslínu.

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytingar á legu Búðarhálslínu 1 og nýs iðnaðarsvæðis fyrir tengivirki, þar sem Búðarhálslína 1 kemur að Hrauneyjafosslínu 1.

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem staðfest var 2. febrúar 2011 eru að gerð er breyting á greinargerð, köflum 14.2 um iðnaðarsvæði og 16.1 um háspennulínur. Á afréttaruppdrátt sveitarfélagsins er sett inn nýtt iðnaðarsvæði og legu Búðarhálslínu 1 er breytt. Samsvarandi breyting á Búðarhálslínu 1 er gerð á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.

Samsvarandi breyting verður gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslínu 1 frá 2001.

Tilkynning um breytingu á línustæði hefur verið send Skipulagstofnun sem komst að þeirri niðurstöðu að breytingin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Lega Búðarhálslínu hefur ekki áhrif á svæðisskipulag miðhálandisins sbr. umsögn nefndarinnar dags. 12. maí 2010.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings 2010-2022, og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

200 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna nýs þjónustu- og frístundasvæðis í landi Heysholts í Rangárþingi ytra.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og tekur hún til breyttrar landnotkunar í landi Heysholts í Landsveit (landnr. 164975). Í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði norðan Landvegur (nr. 26), þar er einnig hverfisverndarsvæðið H7, sem er mýri í landi Heysholts.

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011 er að gerð er breyting á greinargerð, köflum 4.3 um frístundabyggð og 4.6 um verslunar- og þjónustusvæði og samsvarandi breyting á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

Gert er ráð fyrir að um 18 ha svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Á frístundasvæðinu er gert ráð fyrir allt að 36 lóðum. Gert er ráð fyrir að um 7 ha svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu sem tengjast mun ferðaþjónustu. Hægt er að skipuleggja allt að 12 lóðir á svæðinu.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings 2010-2022, og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*



201 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna 5 nýrra frístundasvæða. (Maurholt, Tjörfastaðir, Heklukot, Hallstún og Sælukot)

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011 er að gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

Maurholt: Rúmlega 40 ha landspildu (landnr. 165449) hefur verið skipt út úr jörðinni Ægissíðu I og heitir spildan Maurholt. Á um 4 ha verða skipulagðar 4 lóðir fyrir frístundabyggð. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Bugaveg nr. 273 og þaðan um aðkomuveg inn á svæðið. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn og gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar lóðirnar.

Tjörfastaðir: Um 4 ha frístundasvæði er afmarkað úr jörðinni Tjörfastöðum (landnr. 165013). Áætlað er að skipuleggja 4 lóðir á frístundasvæðinu. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Árbæjarveg (nr. 271), Bjallaveg (nr. 272), Húsagarðsveg (nr. 2771) og þaðan um aðkomuveg að Tjörfastöðum. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn og gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar lóðirnar.

Hallstún: Um 15 ha landspildu (landnr. 203907), hefur verið skipt út úr landi Hallstúns. Nýtt frístundasvæði, allt að 5 ha er afmarkað á spildunni og er heimilt að byggja þar allt að 6 hús. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Landveg (nr. 26) og þaðan um aðkomuveg að Hallstúni. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn. Gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar byggingar.

Heklukot: Afmarkað er frístundasvæði úr jörðinni Koti á Rangárvöllum á um 1,5 ha eignarlóð (landnr. 164718). Lóðin nefnist Heklukot og eru nú þegar 2 byggingar á henni. Lóðin er á vatnsverndarsvæði III skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Áætlað er að hægt sé að byggja allt að 5 hús á lóðinni. Aðkoma að svæðinu er um Rangárvallaveg (nr. 264) og Heklubraut. Ekki er gert ráð fyrir að húsin tengist almennum veitukerfum. Gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir öll húsin og þar sem lóðin er innan vatnsverndarsvæðis III verður útfærsla fráveitu unnin í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Sælukot: Í gildandi aðalskipulagi er afmarkað um 90 ha frístundasvæði (F18) í landi Haga í Holtum. Innan frístundasvæðisins er landspildan Sælukot, um 25 ha, sem skipt var út úr landi Haga. Frístundasvæðið í Sælukoti verður minnkað um 12 ha og breytt í landbúnaðarsvæði. Áætlað er að Sælukot verði sérstæð jörð og þar verði heimilt að stunda þá starfsemi sem heimiluð er á landbúnaðarsvæðum, skv. kafla 4.1 í greinargerð aðalskipulags.

Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna ofangreindra deiliskipulaga, og mælist til að tillagan verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

202 2011 Sælukot í Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, frístundahúsa, hesthúss og skemmu.

Skipulagsstofnun hafnaði deiliskipulaginu þar sem það væri ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagið er því tekið aftur til formlegrar afgreiðslu.

Um er að ræða deiliskipulag á 25,1 ha landi Sælukots sem er norðaustan við Eystra Gíslholtsvatn og vestan við Þjóðveg nr. 286. Landinu var á sínum tíma skipt út úr landi Haga í Holta- og Landsveit, nú Rangárþingi ytra. Innan deiliskipulagsreits eru nú þegar komin eitt íbúðarhús, eitt frístundahús og eitt hesthús. Fyrirhugað er að reisa þar að auki reiðskemmu við hesthúsið og 2 frístundahús í suðausturhorni landsins.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og mælist til að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

4. Bréf frá Önnu Sigrúnu Guðmundsdóttur og Vilhjálmi Guðmundssyni; Varðar beiðni Vorlands ehf. um landskipti, dags. 18. feb. 2011.

Í erindinu er farið fram á að sveitarstjórn afturkalli afgreiðslu á landskiptum Vorlands ehf., Fannars Ólafssonar, sem afgreidd var í Hreppsráði 23. maí 2006.

Sveitarstjórn vísar í bókun Hreppsráðs frá fundi 23. maí 2006:

„Lagt fram bréf frá Fannari Ólafssyni, dagsett 22/5'06, með beiðni um umsögn vegna skiptingar spildna úr landi Háfshjáleigu.

Hreppsráð gerir ekki athugasemd við framangreindar landskiptingar með fyrirvara um þinglýst eignarhald og rétt mörk milli jarða.”

*Álit sveitarstjórnar; Hreppsráð er umsagnaraðili í málinu og ekki er tekin afstaða er varðar eignarhald eða mörk á milli jarða í afgreiðslunni.*

*Álit sveitarstjórnar er samþykkt samhljóða.*

Bókun vegna liðar 4 á dagskrá 14. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra, 3. mars 2011.

Undirritaður vill áréttu vegna ummæla í bréfi Önnu Sigrúnar Guðmundsdóttur og Vilhjálms Guðmundssonar að hreppsráð samþykkti ekki erindi frá Vorlandi ehf. 23. maí 2006. Hið rétta er að ekki voru gerðar athugasemdir við erindið, með þeim fyrirvara að ekki væri ágreiningur um landamerki og að eignarhaldið væri rétt þinglýst. Það liggur fyrir að það er ágreiningur um landamerki og einnig koma fram sterkar vísendingar um að a.m.k. hluti umrædds lands sé ekki þinglýstur á Vorland ehf. og hafa tveir landeigendur af þremur aðliggjandi jarða þegar komið fram með athugasemdir um að þeir eigi hluta landsins. Það liggur því í augum uppi að fyrirvari hreppsráðs heldur og erindið er því ekki samþykkt sem slíkt.

Undirritaður telur mikilvægt, áður en frekar er aðhafst skipulagslega á svæðinu, að það liggi fyrir rétt, óumdeild landamerki á þessu svæði og varar við því að sveitarfélagið blandi sér inn í umræddar landamerkjadeilur.

Ingvar P. Guðbjörnsson, formaður hreppsráðs í maí 2006.

5. Bréf frá Lögmönnum Árbæ slf., fh. Karls Ólafssonar, forráðamanns Króar ehf.; Varðar beiðni Vorlands ehf. um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu, dags. 18. feb. 2011.

Í umræddu bréfi kemur fram að Karl Ólafsson fh. Kró ehf. mótmælir beiðni Fannars Ólafssonar fyrir hönd Vorlands ehf. vegna landskipta hans.

Til kynningar.

6. Umsókn um stofnun lögbýlis; Guðberg Þórhallsson og Sigrún Stefánsdóttir sækja um stofnun lögbýlis, til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, á lóð R28 í Heklubýggð, Svínhaga, í Rangárþingi ytra. Umsókn móttækin á skrifstofu Rangárþings ytra 1. mars 2011.

Erindinu er ekki vísað beint til sveitarstjórnar en í umsókn til ráðuneytisins, um stofnun lögbýlis, er krafist umsagnar sveitarfélags. Ekki kemur skýrt fram í innsendum gögnum hvort umsækjandi sé að fara fram á umsögn sveitarstjórnar en ef svo er getur sveitarstjórn ekki fallist á að veita umsækjendum heimild til stofnunar lögbýlis á umræddri lóð, þar sem hún er inni í miðju skipulagðrar frístundabyggðar.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Frestað erindi frá 12. fundi sveitarstjórnar 27. jan. 2011, tl. 3; Beiðni Sýslumannsins á Hvolsvelli um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað í flokki I að Þjóðólshaga 25, erindi dags. 12. jan. 2011.

Sveitarstjórn ítrekar bókun sína frá 12. fundi þar sem forsendur hafa ekki breyst.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Beiðni skipulags- og byggingarfulltrúa um að sveitarstjórn taki til umfjöllunar fyrirkomulag skipulags- og byggingarmála í ljósi nýrra skipulags- og mannvirkjalaga, skv. tölvupósti dags. 28. feb. 2011.

Sveitarstjóra falið að leita til nágrannasveitarfélaganna um samstarf um framtíðarfyrirkomulag skipulags- og byggingarmála í Rangárvallasýslu. Tillaga verður lögð fyrir sveitarstjórnir í sýslunni þegar hún liggur fyrir.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

9. Kartöfluballsnefnd; Beiðni um niðurfellingu á húsaleigu vegna Kartöfluballs í Þykkvabæ, dags. 9. feb. 2011.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sambærilegan styrk og veittur var fyrir þorrablót á Hellu og á Laugalandi. Innheimt er gjald, 250 kr. af hverjum seldum miða, sem gengur upp í leigu á Íþróttahúsinu. Veittur er styrkur á móti því sem vantar upp á fulla húsaleigu.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Erindi frá Vilborgu Sigurðardóttur; Athugasemdir vegna háspennulína í nágrenni Hellu, dags. 14. feb. 2011.

Í erindinu kemur fram ósk um að háspennulínur sem liggja meðfram Hellu verði færðar frá byggð. Fram koma áhyggjur vegna rafsegulsviðs í kringum línurnar og einnig er varðar sjónmengun.

Sveitarstjórn þakkar þarfar ábendingar og leggur áherslu á að brugðist verði skjótt við.

Sveitarstjóra falið að koma á fundi með forsvarsmönnum Landsnets og RARIK vegna erindisins.

*Samþykkt samhljóða.*

11. Skógræktarfélag Rangæinga; Aldamótaskógur á Gaddsstöðum, bréf dags. 16. feb. 2011.

Í erindinu kemur fram að svæðið er notað sem æfingasvæði vélhjólanna í malargryfjum en farið er út fyrirsvæðið sem bréfitari telur óásættanlegt gagnvart skógræktinni á svæðinu

Sveitarstjórn tekur undir með bréfitara að nauðsynlegt er að finna framtíðarsvæði fyrir vélhjólamenn og ekki geti talist ásættanlegt að iðjan sé stunduð í Aldamótaskóginum.

Sveitarstjóra falið að kynna málið fyrir formanni íþrótta- og tómstundanevndar og nefndinni falið að ræða við áhugafólk um hvort að grundvöllur er fyrir stofnun/endurvakningu félags áhugafólks um vélhjólaiþróttir, til að mynda reglur fyrir félagsmenn og hafa starfið markvissara. Einnig að huga að framtíðar svæði þar sem hægt er að iðka íþróttina í sátt við náttúruna.

*Samþykkt samhljóða.*

12. Áskorun og undirskriftalisti frá Rangárvalladeild Geysis; Ósk um að gerðar verði úrbætur á aðgengi að röri undir Þjóðveg 1 við Hellu, mótt. 18. feb. 2011.

Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur undir nauðsyn þess að brugðist verði skjótt við.

Mikilvægt er að umferð hrossa sé á þar til gerðum reiðleiðum í þéttbýlinu til að tryggja sem best öryggi þeirra sem eru að stunda íþróttina og þeirra sem verða á vegi þeirra. Forstöðumanni þjónustumiðstöðvar falið að leysa aðgengismál á svæðinu í samráði við umhverfis-, samgöngu- og hálendisnefnd og sveitarstjóra.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Rangárbakkar ehf. og Rangárhöllin ehf.; Beiðni/boð um hækkun hlutfjár í félögunum, skv. erindi dags. 28. feb. 2011.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og viku af fundi.

Á hluthafafundi beggja félaga 21. febrúar sl. var samþykkt að leita til hluthafa um aukningu hlutfjár vegna endurskipulagningu rekstrar félaganna. Heildarhlutur Rangárþings ytra er um 12.24% af heildarsamstæðunni. Óskað er eftir 550.800,- kr. til þessara aðgerða frá Rangárþingi ytra sem er þá sú upphæð sem er í hlutföllum við eignarhlut sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram hlutfé að heildarfjárhæð kr. 550.800,- í Rangárbakka ehf. og Rangárhöllina ehf. Þetta er með þeim fyrirvara um að settu markmiði verði náð, þ.e. að hluthafar leggist á eitt með að standa að því að auka hlutfé sitt, eða útvegi nýtt hlutfé, og að hægt verði að semja við þá sem eiga lausakröfur á félögin. Einnig að bankastofnanir séu tilbúnar að biða með frekari innheimtuaðgerðir til að ná settum markmiðum sem er að forða félögunum frá gjaldþroti, sem blasir annars við. Sveitarstjórn samþykkir kaupin á þeim forsendum að verið sé að verja þær mikilvægu fasteignir sem eru tiltölulega lágt veðsettar og einnig þá starfsemi sem er innan sveitarfélagsins og það gert þrátt fyrir þrönga fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Ekki verður tekin afstaða til frekari hlutfjárkaupa að svo komnu máli.

Tillit skal tekið til þessa við endurskoðun á fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

*Samþykkt samhljóða.*

Ingvar Pétur mætir aftur á fund.

14. Sumarlökun leikskóla, frestað erindi frá 13. fundi sveitarstjórnar 10. feb. 2011, 1. tl.

Könnun var gerð meðal foreldra leikskólabarna í Heklukoti og í Leikskólanum á Laugalandi um hvaða tími hentaði best til sumarlokunar. Niðurstaðan var að 2/3 foreldra voru sáttir við lokun í 5 vikur frá 4. júlí til 5. ágúst. Hinsvegar fannst 1/3 þeirra of langt að loka í 5 vikur. Í ljósi þess að 5 vikna lokun er þþyngjandi fyrir svo marga vill sveitarstjórn koma til móts við þarfir foreldra og hafa lokun leikskólanna 4 vikur eins og áður hefur tíðkast, frá 11. júlí til 5. ágúst (báðir dagar meðtaldir). Með því skapast meiri sveigjanleiki fyrir fólk til að geta verið í sumarfríi á sama tíma og börnin.

*Samþykkt samhljóða.*

15. Tillaga að samþykkt fyrir Ungmennaráð Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Sveitarstjóra er falið að vinna að breytingum á samþykktardrögunum, í samræmi við umræður á fundinum, og leggja fyrir næsta fund samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

*Samþykkt samhljóða.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

16. 20. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 17. feb. 2011.

Til kynningar.

17. 7. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu, dags. 23. feb. 2011.

Til kynningar.

18. 198. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 24. feb. 2011.

Til kynningar.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

19. Ungmennafélag Íslands; Umsóknir óskast um að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2013/2014, skv. bréfi dags. 28. jan. 2011.

Sveitarstjóra falið að kanna málið, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, og sækja um ef fjárhagsgrundvöllur er fyrir slíku.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá (IPG).*

20. Ungmennafélag Íslands; Umsóknir óskast um að halda fyrsta Landsmót UMFÍ 50+, skv. bréfi dags. 15. feb. 2011.

Sveitarstjóra falið að kanna málið, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, og sækja um ef fjárhagsgrundvöllur er fyrir slíku.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá (IPG).*

21. Náttúruminjasafn Íslands; Svarbréf safnstjóra vegna fyrirspurna sveitarstjóra um málefni safnsins, dags. 18. feb. 2011.

Til kynningar.

22. Ályktun stjórnar Félags leikskólakennara vegna niðurskurðar til leikskóla hjá sveitarfélögum landsins, bréf dags. 22. feb. 2011.

23. Lánasjóður sveitarfélaga; Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 23. feb. 2011.

Sveitarstjórn hvetur Gunnstein R. Ómarsson, sveitarstjóra, til að gefa kost á sér í stjórn Lánasjóðsins.

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn situr hjá (ST).*

24. Samband íslenskra sveitarfélaga; XXV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, bréf dags. 24. feb. 2011.

25. Tillögur forstöðumanns þjónustumiðstöðvar varðandi mögulegan flutning á Mýrarkoti, dags. 1. mars 2011.

Lagðar voru fram kostnaðartillögur og hugmyndir um hugsanlegan flutning hússins, sem var leikskóli á Laugalandi, á skólalóð Grunnskólans á Hellu. Húsnæðið er hugsað sem smíða- og handmenntahús við grunnskólann.

Sveitarstjóra falið að kanna málið betur með forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar, skólastjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir næsta fund Samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Tillagan borin undir atkvæði:

*Samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sitja hjá (GIG, AMK, IPG).*

Bókun D-lista:

D-listinn hvetur til þess að fleiri möguleikar verði teknir til skoðunar samhliða til þess að finna lausn á húsnæðisvanda til handmenntarkennslu. D-listinn telur hæpið að það takist að flytja Mýrarkot til Hellu nema með ærnum tilkostnaði sem erfitt getur orðið að réttlæta.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Anna María Kristjánsdóttir

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16.19

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 15. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, mánudaginn 28. mars 2011, kl. 15.30

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

1. Endurskipulagning fjármála Suðurlandsvegur 1-3 ehf. skv. minnisblaði frá LEX lögmansstofu dags. 22. mars 2011.

Félagið Suðurlandsvegur 1-3 ehf. er í eigu sveitarfélagsins Rangárþings ytra, að 58,6%, en í eigu þeirra aðila sem standa að Verkalýðshúsinu á Hellu, að 41,4%. Skráð hlutafé í félaginu er nú kr. 116.000.000,-. Félagið var stofnað til utanumhalds um byggingu og rekstur fasteignarinnar Suðurlandsvegur 1-3, en um er að ræða tengibyggingu á milli fasteignanna Suðurlandsvegur 1 og Suðurlandsvegur 3 á Hellu.

Á fyrri fundum sveitarstjórnar, sbr. m.a. fund sveitarstjórnar þann 13. janúar 2011, hefur verið fjallað um möguleika á fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins þannig að ljúka megi byggingu tengibyggingarinnar og að þeir fjármunir sveitarfélagsins sem þegar hefur verið veitt í félagið glatist ekki. Fjárhagsleg endurskipulagning félagsins er háð þátttöku hins hlutahafa félagsins, Verkalýðshússins Hellu og hafa fulltrúar sveitarfélagsins átt í viðræðum við fulltrúa Verkalýðshússins Hellu, sbr. ákvörðun sveitarstjórnar frá 13. janúar 2011.

Eftir ítarlega skoðun á fjárhagslegri stöðu félagsins og í kjölfar viðræðna við fulltrúa Verkalýðshússins hefur verið gerð áætlun um hina fyrirhuguðu fjárhagslegu endurskipulagningu sem byggir á því að fasteignin að Suðurlandsvegi 1, í eigu Rangárþings ytra, og fasteignin Suðurlandsvegi 3, þ.e. sá hluti hennar sem er í eigu aðila Verkalýðshússins, verði færðar inn í félagið og skuldum við hlutahafa verði breytt í hlutafé.

LEX lögmansstofa hefur verið sveitarfélaginu til ráðgjafar varðandi lagaleg atriði sem koma að endurskipulagningu félagsins með þessum hætti, en endurskoðendur sveitarfélagsins KPMG hafa verið til ráðgjafar varðandi fjárhagslega þætti og vinna nú að samantekt um áhrif slíkrar fjárfestingar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Minnisblað LEX vegna áætlunarinnar, dags. 22. mars 2011, hefur verið lagt fyrir sveitastjórn, en auk þeirra atriða er fram koma í minnisblaðinu hafa bæði LEX og KPMG vakið athygli á 65. gr. laga nr. 45/1998 um sveitarfélög, enda gerir áætlunin ráð fyrir aukinni fjárfestingu sveitarfélagsins í félaginu. Sem fyrr segir, vinnur KPMG að mati á fjárhagslegum áhrifum fjárfestingarinnar á sveitarfélagið auk þess sem LEX vinnur að könnun á atriðum tengdum virðisaukaskattskyldu sem yfirfærsla fasteigna inn í félagið kann að hafa í för með sér. Búist er við frekari upplýsingum og niðurstöðu frá báðum aðilum von bráðar, en málið er unnið eins hratt og verða má.

Þrátt fyrir að aðalatriði endurskipulagningaráætlunarinnar liggi reiðubúin til samþykkis sveitarstjórnar skal tekið fram að ekki hefur enn fengist endanleg afstaða fulltrúa Verkalýðshússins til áætlunarinnar, en telja verður hana nauðsynlega til að endurskipulagning félagsins geti gengið eftir.

Eftir að hafa kannað fjárhagslegar upplýsingar varðandi félagið og minnisblað LEX, dags. 22. mars 2011, samþykkir sveitastjórn að endurskipulagningu félagsins verði haldið áfram á þeim forsendum sem lýst er í minnisblaði LEX, þ.e. að fasteignin að Suðurlandsvegi 1, fastanúmer 219-6174, í 100% eigu Rangárþings ytra, verði flutt inn í einkahlutafélagið Suðurlandsvegur 1-3 ehf. auk þess sem skuldum félagsins við Rangárþing ytra verði breytt í hlutafé í félaginu. Viðbótarfjárfesting sveitarfélagsins í félaginu með þessum hætti mundi því nema kr. 242.364.567,- auk kostnaðar og gjalda, til viðbótar við það sem áður hefur verið.

Endanlegt samþykki sveitarstjórnar er þó háð því að samkomulag náist um aðkomu Verkalýðshússins Hellu að endurskipulagningunni og að endurskoðendur sveitarfélagsins KPMG geri ekki verulegar athugasemdir við fjárhagslegar forsendur endurskipulagningarinnar, bæði hvað varðar félagið og Rangárþing ytra. Sveitarstjórn veitir sveitastjóra, Gunnsteini R. Ómarssyni, umboð til að vinna áfram að endurskipulagningunni á þeim forsendum sem lýst hefur verið. Sveitarstjóra er veitt heimild til að leita samninga við Verkalýðshúsið Hellu um aðkomu þeirra að endurskipulagningunni eins og áður hefur verið

lýst. Auk þessa er sveitarstjóra falið að leggja fyrir sveitarstjórn drög að samningi um framtíðaráætlanir varðandi félagið að undangengnum samskiptum við LEX og KPMG um atriði sem nauðsynleg eru til þess að endurskipulagningunni verði haldið áfram. Sveitarstjórn tekur til afgreiðslu endanlega áætlun þegar hún liggur fyrir og gengið hefur verið frá þeim atriðum sem lýst er sem útistandandi. Sveitarstjórn er ljóst að nauðsynlegt er að vinna málið hratt og að þurft gæti að boða til sveitarstjórnarfundar með hraði til að taka endanlega ákvörðun um forsendur endurskipulagningarinnar.

*Samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16.00

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 16. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 7. apríl 2011, kl. 15.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson í forföllum Þorgils Torfi Jónssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, og Ásgeir Jónsson mæta undir liðum 6-17.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 11. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 17. mars 2011.

*Fundargerðin staðfest.*

2. 6. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 24. mars 2011.

Varðandi 2. lið fundargerðar fræðslunefndar:

Reglur um námsstyrki til starfsmanna Rangárþings ytra og Ásahrepps í leik- og grunnskólum vegna náms til kennsluréttinda.

Sveitarstjórn fól fræðslunefnd að fara yfir drög að reglum um námsstyrki (sbr. fundargerð 10. fundar hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 24. feb. 2011, tl. 7). Fræðslunefnd gerir eina tillögu að breytingu á 2. grein (breyting skáletruð): 2. Umsókn skal skilað á þar til gerðu eyðublaði fyrir 1. apríl vegna haustannar og fyrir 1. október vegna vorannar ár hvert til sveitarstjóra Rangárþings ytra þegar um starfsmenn á Hellu er að ræða, en til rekstrarstjórnar Laugalands þegar um starfsmenn á Laugalandi er að ræða, ásamt umsögn viðkomandi skólustjóra. Upplýsingum um námsframvindu skal skilað í lok hverrar annar til skólustjóra, sveitarstjóra og launafulltrúa. Með þessu móti tekur oddviti Ásahrepps þátt í umsóknarferlinu og afgreiðsla umsóknanna verður skilvirkari. Annars samþykkir fræðslunefnd reglurnar fyrir sitt leyti og vísar afgreiðslu þeirra til sveitarstjóra Rangárþings ytra og Ásahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir breytingatillögu fræðslunefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

3. 8. fundur samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar Rangárþings ytra, dags. 28. mars 2011.

Varðandi 2. lið fundargerðarinnar sem varðar samning Sorpstöðvar Rangárvallasýslu við Gámastöðina.:

*Sveitarstjóra er falið að kanna hvort að hægt sé að endurskoða umræddan samning, en sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur ekki samþykkt samninginn við Gámastöðina.*

Varðandi 7. lið fundargerðarinnar: Göngustígar á Hellu / göngustígar í og utan þéttbýlis:

Sveitarstjórn vill upplýsa að hópur ferðapjónustuaðila og annarra áhugamanna um bætta gönguleið niður að Ægissíðufossi, hefur nú þegar haldið nokkra fundi um málið. Sótt var um styrk fyrir verkefnið til Ferðamálasjóðs að frumkvæði formanns Atvinnu- og menningarmálanefndar, en verkefninu var neitað um styrk. Þrátt fyrir þetta ákvað hópurinn að taka höndum saman og reyna að vinna verkefnið með samstilltu átaki íbúa og fyrirtækja á svæðinu. Ákveðið hefur verið að laga gönguleiðina með ofaniburði, bæta við bekkjum og setja upp skilti hér og þar með upplýsingum um fuglalíf á ánni og um svæðið sem leiðin liggur um. Sigurjón Einarsson fuglaljósmyndari hefur samþykkt að gefa ljósmyndir af fuglum árinna, Tómas Grétar Gunnarsson fuglafraeðingur ætlar að skrifa um þá, grunnskólabörn ætla að teikna myndir af fuglum og allt fer þetta á skilti. Glerverksmiðjan Samverk hefur samþykkt að gefa gler í skiltin til hlífðar myndum og texta. Ýmsir aðrir hafa lofað að leggja verkefninu lið.

Göngustígaverkefni innan Helluþorps getur verið hluti átaks í bættri ásýnd þorpsins en slíkt verkefni er í undirbúningi og vonandi næst breið þátttaka um slíkt átak á svipuðum nótum og náðst hefur með bætta gönguleið að Ægissíðufossi. Verkefni sem tengist göngustígum í nágrenni Helluþorps getur mögulega tengst



átaksverkefni í Aldamótaskógi, m.a. göngustígagerð, í samvinnu Skógræktarfélags Rangæinga og Rangárþings ytra og jafnframt tengst göngustíganeti á Hellu.

*Sveitarstjórn tekur undir með nefndarmönnum að nauðsynlegt er að gera bragarbót og felur umsjónarmanni Þjónustumiðstöðvar að kanna með kostnað og leggja fram tillögur.*

Varðandi 8. lið fundargerðarinnar:

Sveitarstjóri og sýslumaður hafa fundað með Vegamálstjóra og einnig hefur verið fundað með Vegagerðinni um hugsanlegar leiðir til að tryggja íbúum á Bakkabæjum, í Landeyjum og í Þykkvabæ flóttaleiðir ef til hamfara kemur og flóðahættu í Þverá og Hólsá.

*Sveitarstjórn mun áfram vinna að þessu brýna öryggis- og samgöngumáli í samvinnu við Almannaþingir, Vegagerðina og þingmenn kjördæmisins.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

4. 4. fundur Atvinnu- og menningarmálanefndar Rangárþings ytra, dags. 28. mars 2011.

Varðandi 1. lið fundargerðar: Manngerðir Hellar í Rangárvallasýslu.

Farið yfir erindi sem barst frá Eyjólfri Guðmundssyni um manngerða hella á svæðinu. Eyjólfur vill að hellar verði gerðir sýningarhæfir og hvetur sveitarstjórn til að hafa samband við Ugga Agnarsson, minjavörð á Skógum, vegna málsins. Nefndin þakkar Eyjólfri bréfið og vill kanna möguleika á að gera umrædda hella sýningarhæfa. Formanni atvinnu- og menningarmálanefndar er falið að hafa samband við Ugga Agnarsson til að kanna möguleikana.

*Sveitarstjórn er fús að veita verkefninu lið og aðstoð við að kanna hvort að hægt sé að framkvæma hugmyndina.*

Varðandi 2. lið fundargerðar: Upplýsingarmiðstöð í Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við formann atvinnu- og menningarmálanefndar að kanna með fyrirkomulag upplýsingamiðstöðvar og auglýsa eftir rekstraraðilum ef starfsemin rúmast ekki í húsakynnum sveitarfélagsins.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

5. 7. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 4. apríl 2011.

Varðandi 2. lið: Fjöldi barna í leikskólanum á Laugalandi og starfsdagar.

Fjöldi barna í leikskólanum nú eru 32. Fimm börn munu hætta í vor og umsóknir fyrir skólavist á næsta skólaári eru sjö. Sigrún lagði fram tillögu um að hámarksfjöldi barna á leikskólanum skólaárið 2011-2012 verði 35. Einnig lagði hún til að framvegis verði sett hámark á fjölda barna árlega miðað við þarfir þeirra og aldursamsetningu.

Fræðslunefnd samþykkir tillöguna samhljóða.

Sigrún lagði til að starfsdögum leikskólans fjölgi úr fjórum í sex til samræmis við Heklukot sem er með sex starfsdaga.

Fræðslunefnd samþykkir tillöguna samhljóða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslunefndar fyrir sitt leyti.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

**Skipulagsmál og tengd erindi til staðfestingar:**

6. 43. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 31. mars 2011.

564-2011 Kot, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.

Aðalsteinn Guðmundsson, kt. 120745-4339, Heiðarbæ 11, 110 Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja gestahús á lóð sinni í landi Kots, landnr. 164718 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

565-2011 Kot, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.

Aðalsteinn Guðmundsson, kt. 120745-4339, Heiðarbæ 11, 110 Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja gestahús á lóð sinni í landi Kots, landnr. 164718 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

566-2011 Ketilhúshagi 42, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Hængur Þorsteinsson, kt.030238-7299, Logalandi 13, 108 Reykjavík, sækir um að byggja við sumarhús sitt að Ketilhúshaga 42, lnr.164712 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

567-2011 Ketilhúshagi 14, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.

Óskar Bjarnason, kt. 080157-4019, Kópabraut 3 260 Reykjanesbæ, sækir um leyfi til að byggja gestahús á lóð sinni að Ketilhúshaga 14, lnr.164696, í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

568-2011 Svínhagi lóð R-5, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir vinnuskúr.

Þorsteinn Pétursson, kt. 130257-8019, Andrésbrunni 9, 113 Reykjavík, sækir um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á lóð sinni að Svínhaga, lóð R-5, í Rangárþingi ytra, landnr. 198044, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

569-2011 Þjóðólfsbæ 3, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi og geymslu.

Guðmundur G. Gunnarsson kt. 040566-4659, Grænagarði 8, 230 Reykjanesbæ, sækir um leyfi til að byggja gestahús og geymslu á lóð sinni að Þjóðólfsbæ 3, lnr.165245 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

570-2011 Heiðarbrún, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir aðstöðuhúsi.

Valdimar K. Jónsson, kt. 290240-4769, Melahvarfi 6, 203 Kópavogi og Sigrún Valdimarsdóttir kt. 110468-5479, Elliðavöllum 13, 230 Reykjanesbæ sækja um stöðuleyfi fyrir aðstöðuhúsi á landi sínu að Heiðarbrún landnr. 165089 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs, og með fyrirvara að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

7. 39. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 31. mars 2011.

208 2011 Norðurnes, Rangárþingi ytra deiliskipulag 3ja sumarhúsalóða.

Páll Sigurður Jónsson kt. 160460-5639 leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir jörðina Norðurnes landnr. 195416. Deiliskipulagið nær til þriggja sumarhúsalóða, sem hver um sig er um 1ha að stærð. Aðkoma að Norðurnesi er um Hagabraut(nr. 286) , inn á Kvíarholtsveg (nr.2863) og um aðkomuveg inn að Norðurnesi.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði auglýst, lögum samkvæmt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

209 2011 Skotsvæði, deiliskipulag Skotveiðifélagsins Skyttarnar, Rangárþingi ytra. Í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er skilgreint 50 ha svæði sem opið svæði til sérstakra nota og er þar gert ráð fyrir skotæfingasvæði. Fyrir liggja samningar við landeiganda um afnot af 26 ha svæði fyrir skotæfingasvæði.

Deiliskipulagið nær til eftirfarandi atriða:

- Ríffilbraut, 500 metra löng með skotmörkum á helstu færum sem skotíþróttir krefjast og veiðimenn nota til að stilla ríffla.

- 300, 100, 50 og 25 metra brautir fyrir smákaliber, 22LR og skammbyssuskotfimi.
- Svæði þar sem skotið er á leirdúfur- haglabyssusvæði. Gert er ráð fyrir 100 m hættusvæði út frá skotpöllum en öryggissvæðið er allt að 300 m.
- Gert er ráð fyrir æfingasvæði fyrir skammbyssunotkun. Gert er ráð fyrir 50 m langri braut sem er um 25 m breið. Brautarsvæðið verður afmarkað af jarðvegsmön.
- Bygging félagsheimilis/aðstöðuhúss sem hýsir starfseminna og félagsskapinn.
- Skothús/skýli vegna leirdúfuskotfimi
- Skothús/skýli vegna skammbyssuskotfimi.
- Skothús við ríffilbraut sem jafnframt er öryggishús sem tryggir að ekki verður hægt að skjóta út fyrir brautina.
- Vegur af Rangárvallavegi að skotiþróttasvæðinu.

Svæðið liggur skammt austan Hellu, vestan Rangárvallavegar (nr. 264). Svæðið er mela- og sand-svæði sem hefur verið í uppgræðslu. Svæðið er fremur flatlent en hæðir að vestan og norðanverðu. Jarðvegur er malarkenndur og mjög sendinn.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu og felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna aðliggjandi jarðareignum tillöguna.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi vinnur nú að kynningu í samræmi við bókun skipulagsnefndar.

*Sveitarstjórn samþykkir framkomna deiliskipulagstillögu og mælist til þess að hún verði auglýst lögum samkvæmt.*

171 2010 Veiðivötn, deiliskipulag og umhverfisskýrsla þjónustusvæðis við Tjaldvatn, í Rangárþingi ytra. Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er svæðið skilgreint sem skálasvæði. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 (sem er í ferli) er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu svæðisins og fjölgun gistiskála. Í gildi er deili-skipulag af Veiðivatnasvæðinu dagsett í mars 1998. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag úr gildi.

Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir 3 nýjum gistiskálum og skemmu fyrir vélar og tæki og gístiaðstöðu fyrir starfsfólk. Svæðið verður auk þess rafvætt.

Deiliskipulagið samræmist gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014 og einnig aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem er í skipulagsferli.

Nokkrar ábendingar bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skipulagsstofnun,

og Umhverfisstofnun. Gerðar hafa verið breytingar á uppdrætti og greinargerð til samræmis við ábendingar ofangreindra stofnana.

Engar efnislegar athugasemdir bárust frá öðrum en ofangreindum stofnunum og telur því skipulagsnefnd deiliskipulagið samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

173 2010 Deiliskipulag frístundabyggðar á Gaddstöðum, í Rangárþingi ytra.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Óskað er eftir umsögn frá Vegagerð Ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna innsendra athugasemda.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Athugasemdir og ábendingar við deiliskipulag frístundabyggðar á Gaddstöðum í Rangárþingi ytra. 173-2010.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Óskað er eftir umsögn frá Vegagerð Ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurland vegna innsendra athugasemda.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

186 2011 Álfaskeið í Haukadál, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundabyggðar.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsfulltrúa er falið að afla frekari gagna.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

188 2011 Garður í Rangárþingi ytra, deiliskipulag landspildu.

Deiliskipulagið nær til um 68,2 ha svæðis en byggingarreitur er markaður á um 2,350m<sup>2</sup> svæði. Um er að ræða uppbyggingu á allt að þremur íbúðarhúsum og þremur sumarhúsum, auk véla- og verkfæraskemmu.

Deiliskipulagið samræmist gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014 og einnig aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem er í skipulagsferli.

Engar athugasemdir bárust og telst því deiliskipulagið samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

8. Fundur í stjórn, byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., dags. 4. apríl 2011.

Varðandi 1. lið fundargerðarinnar um breytingu á gjaldskrá embættisins er vísað í tl. 9 hér á eftir.

Varðandi 3. lið fundargerðarinnar sem snýr að málefnum eldvarnaeftirlits:

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur áður lýst ánægju með að málefnum eldvarnaeftirlit verði komið í viðunandi horf á samstarfssvæðinu. Jafnframt hefur sveitarstjórn ítrekað óskað eftir að hagkvæmasta lausn verði farin, starfsemin verði vel skilgreind og að kostnaðarskipting verkefnisins verði sanngjörn og eðlileg.

*Í ljósi fyrirliggjandi gagna fellst sveitarstjórn á tillögu stjórnar um fyrirkomulag rekstrar og kostnaðarskiptingu en leggur áherslu á að ávallt verði leitað hagkvæmustu leiða við reksturinn.*

Varðandi 4. lið fundargerðarinnar sem snýr að húsnæðismálum embættisins:

Sveitarstjórn tekur undir þá skoðun stjórnar embættisins og byggingar- og skipulagsfulltrúa að hagræði og jákvæð samlegðaráhrif séu fölgin í því að hýsa eldvarnaeftirlit hjá embætti byggingar- og skipulagsfulltrúa. Núverandi staðsetning embættisins er þó ekki heppileg í mörgu tilliti auk þess sem yfirlýst stefna Rangárþings ytra er að nýta beri húsnæði í eigu sveitarfélaganna undir slíka starfsemi sé þess kostur. Fyrir liggur að formann embættisins hefur verið falið að kanna húsnæðismál embættisins.

*Sveitarstjóra falið að fá fund með formanni byggingar- og skipulagsfulltrúaembættisins Rangárþings bs. til að kynna laust húsnæði sveitarfélagsins sem getur hentað embættinu og eldvarnaeftirlitinu.*

9. Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda og tengdra þjónustugjalda fyrir byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs.

*Sveitarstjórn staðfestir framlagða gjaldskrá og veitir sveitarstjóra umboð til að undirrita hana fyrir hönd Rangárþings ytra.*

10. Beiðni Haraldar Eiríkssonar, kt. 100862-7199, og Guðrúnar A. Óttarsdóttur, kt. 210964-2319, um stofnun lögbýlis að Grásteinsholti, landnr. 218400, skv. beiðni dags. 16. mars 2011.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis að Grásteinsholti, landnr. 218400.*

11. Beiðni Ómars Halldórssonar, kt. 220254-2839, og Margrétar Guðjónsdóttur, kt. 210955-5189, um stofnun lögbýlis að Minni-Völlum land, landnr. 177568, skv. beiðni dags. 29. mars 2011.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis að Minni-Völlum land, landnr. 177568.*

12. Beiðni Sigurbjargar Elimarsdóttur, kt. 210157-7199, og Sveins Sigurjónssonar, kt. 011047-3789, um að spilda, landnr. 209858, upphaflega úr landi Galtalækjar 2, landnr. 192113, verði leyst úr landbúnaðarnotkun, dags. 31. mars 2011.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að spilda, landnr. 209858, verði leyst úr landbúnaðarnotkun enda hefur þegar verið gerð breyting á aðalskipulagi í þessa veru.*

13. Beiðni Sigurbjargar Elimarsdóttur, kt. 210157-7199, og Sveins Sigurjónssonar, kt. 011047-3789, eftir staðfestingu skiptingu á lóð, Stakkabraut 2 landr. 219741, úr Heiðalöndum, landnr. 209858, sem er upphaflega úr Galtalæk 2, landnr. 192113, dags. 31. mars 2011.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við beiðnina en bendir á að áður en að af landskiptunum getur orðið verður formlega að ganga frá erindi sem fram kemur í tl. 12 hér að framan.*

14. Beiðni Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., um umsögn vegna landskipta í Háfshjáleigu, skv. erindi mótt. 17. des. 2010 – frestað mál frá 14. fundi sveitarstjórnar, dags. 3. mars 2011, tl. 3, ml. 2.

Fyrir liggur hjá sveitarstjórn erindi Fannars Þórs Ólafssonar, fh. Vorlands ehf, er varðar landsskipti í Háfshjáleigu, ásamt gögnum þar að lútandi. Um er að ræða land með heitið Háfshjáleiga 5.1, landnr. 219917, tekið úr landi Háfshjáleigu, landi 5, landnr. 207728.

Til frekari skýringar hefur sveitarstjórn borist bréf frá Önnu S. Guðmundsdóttur og Vilhjálmi Guðmundssyni; Varðar beiðni Vorlands ehf. um landskipti, dags. 18. feb. 2011, með athugasemdum um landskiptabeiðni Vorlands ehf. Í bréfinu er einnig farið fram á að sveitarstjórn afturkalli afgreiðslu á landskiptum Vorlands ehf., Fannars Ólafssonar, sem afgreidd var í Hreppsráði 23. maí 2006. Erindið var tekið fyrir á 14. fundi sveitarstjórnar, dags. 3. mars 2011.

Einnig hefur sveitarstjórn borist bréf frá Lögmonnum Árbæ slf., fh. Karls Ólafssonar forráðamanns Króar ehf.; Varðar beiðni Vorlands ehf. um staðfestingu á landskiptum í Háfshjáleigu dags. 18. feb. 2011, með athugasemdum um landskiptabeiðni Vorlands ehf. Í umræddu bréfi kemur fram að Karl Ólafsson fh. Kró ehf. mótmælir beiðni Fannars Ólafssonar fyrir hönd Vorlands ehf. vegna landskipta hans. Erindið var tekið fyrir á 14. fundi sveitarstjórnar, dags. 3. mars 2011.

Sveitarstjórn tók erindi Fannars Þórs Ólafssonar, f.h. Vorlands ehf., fyrst fyrir á 11. fundi, dags. 13. jan. 2011, og vísaði því til skipulagsnefndar. Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á 36. fundi, dags. 1. feb. 2011, og var skipulagsfulltrúa falið að afla frekari gagna til afgreiðslu málsins. Á 37. fundi skipulagsnefndar var erindið aftur til umfjöllunar þar sem óskað var eftir frekari rökstuðningi er varðar landskiptin og gagna um eignarhald umræddra landspildna í ljósi innsendra gagna. Sveitarstjórn tók erindið fyrir á 14. fundi, dags. 3. mars 2011, og frestaði afgreiðslu þess þar sem umbeðin gögn lágu ekki fyrir.

*Umsækjandi hefur enn ekki skilað inn umbeðnum gögnum og er málinu því vísað frá.*

15. Beiðni Stefáns Arnórssonar um umsögn vegna landskipta á Skammbeinsstöðum, skv. erindi mótt. 28. des. 2010 – frestað mál frá 13. fundi sveitarstjórnar, dags. 10. feb. 2011, tl. 3, ml. 2.

Stefán Arnórsson, kt. 061242-4069, óskar eftir staðfestingu á landskiptum en um er að ræða tvær sumarhúsalóðir með landnr. 219901 stærð 17,7 ha. og með landnr. 219902 stærð 18,2 ha. teknar úr Skammbeinsstöðum 1, landnr. 192624.

*Í ljósi þess að gögn bárust ekki fyrir fundinn er afgreiðslu erindisins frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.*

16. Áfangar ehf.; Deiliskipulag í Áfangagili á Landmannaafretti, mótt. 5. apríl 2011.

*Sveitarstjórn fagnar hugmyndum félagsins um uppbyggingu og samþykkir að heimila gerð deiliskipulags á svæðinu. Almennt hafa hagsmunaðilar kostað deiliskipulagsgerð á hálendinu en sveitarfélagið hefur lagt til loftmyndir af þeim svæðum sem deiliskipulögð hafa verið. Vert er að geta að Landréttir eru á svæðinu og að skipulagið mun ná til aðkomu að réttunum. Sveitarstjórn samþykkir í þessu ljósi að taka þátt í kostnaði við deiliskipulagsgerðina, hlutfallslega í samræmi þá hagsmuni sem að réttarsvæðinu snýr, auk þess að leggja til loftmyndir af svæðinu.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

17. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn, skv. l. nr. 85/2007 og rgl. nr. 585/2007, vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað í flokki II að Skinnhúfu, (Norðurnes) Rangárþingi ytra, dags. 17. mars 2011.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

18. Málefni heilsugæslu í Rangárvallasýslu.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur tekið ákvörðun um að loka heilsugæslustöðinni á Hellu vegna sumarleyfa frá 1. júní til 1. september og að heilsugæsluþjónusta flytjist á Hvolsvöll.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra mótmælir þessari ákvörðun harðlega og skorar á framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að endurskoða ákvörðun sína um lokun heilsugæslustöðvar á Hellu í sumar og fer fram á að ef gripa þurfi til lokunar verði lokun dreift jafnt á milli Hellu og Hvolsvallar til að gæta jafnræðis milli íbúa sýslunnar. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að leita til Landlæknis og velferðarráðuneytis verði ekki gerð breyting á þessari ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.*

Í reglugerð nr. 787/2007 um heilsugæslustöðvar kemur m.a. fram í 3. gr. sem fjallar um aðgengi að heilsugæslustöð: Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi skulu sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Í ljósi þessa og stefnu stjórnvalda um að efla heilsugæsluþjónustu og tryggja nærþjónustu við íbúa eru breytingar í Rangárþingi ekki réttmætar.

*Sveitarstjórn lýsir áhyggjum sínum vegna skerðingar á læknaþjónustu í Rangárvallasýslu en almenn vaktþjónusta lækna var tekin af 1. febrúar s.l. og er nú einungis veitt neyðarþjónusta. Ljóst er að um verulega skerðingu á þjónustu við íbúa er að ræða en íbúar þurfa nú að fara á Selfoss til að fá almenna læknaþjónustu utan dagvinnutíma. Með breytingunum aukast vegalengdir og kostnaður til muna fyrir einstaklinga og þar með eykst hættan á að íbúar veigri sér við að leita aðstoðar í veikindum sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.*

19. Samþykkt fyrir Ungmennaráð Rangárþings ytra og Ásahrepps og skipun Rangárþings ytra í nýtt Ungmennaráð.

*Sveitarstjórn staðfestir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samþykktir fyrir Ungmennaráð Rangárþings ytra og Ásahrepps.*

*Sveitarstjórn skipar eftirtalda nemendur í ráðið sem fulltrúa Rangárþings ytra: Karen Eva Sigurðardóttir, Grunnskólanum Hellu, Grétar Ingi Guðmundsson, Grunnskólanum Hellu, Ólafur Logi Guðmundsson, Laugalandsskóla, Karen Ósk Óskarsdóttir, Fjölbrautarskóla Suðurlands og Sindri Snær Bjarnason, Fjölbrautarskóla Suðurlands.*

20. Skipun í jafnréttisnefnd skv. l. 10/2008 og samþykkt Rangárþings ytra um stjórn og fundarskóp.

*Sveitarstjórn skipar eftirtalda fulltrúa í jafnréttisnefnd: Hafdís Garðarsdóttir, Guðmundur Ómar Helgason og Anna María Kristjánsdóttir.*

*Eftirtaldir aðilar eru skipaðir til vara: Kristín Bjarnadóttir, Kjartan Magnússon og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

21. Tillaga Á-lista um skólagarða á Hellu.

Tillaga fulltrúa Á-lista um að reknir verða skólagarðar á Hellu fyrir börn í leikskóla og grunnskóla sumarið 2011, lögð fram á 16. fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra 7. apríl 2011:

1. Í samstarfi við Dvalarheimilið Lund, verði gerður matjurtagarður í garði dvalarheimilisins sem heimilisfólk og leikskólabörn sjá um í sameiningu. Verkefninu verði stýrt af leikskólustjóra Heklukots og forstöðumanni Lundar í samvinnu við Áhaldahús Rangárþings ytra. Með þessu er stuðlað að meiri samgangi elstu og yngstu kynslóðarinnar báðum til yndisauka.
2. Í landi Ness norðan Dvalarheimilisins Lundar, verði gerðir matjurtagarðar fyrir grunnskólabörn í sveitarfélaginu fædd 1998 – 2004 og foreldra þeirra. Börnin fái úthlutað 15m<sup>2</sup> reit, þar sem þau rækta matjurtir í. Foreldrar hjálpi börnunum við ræktun og umhirðu og njóti saman uppskerunnar.

*Sveitarstjórn samþykkir að stofna til skólagarða skv. tillögunni og leggur áherslu á að þeir verði reknir í góðu samstarfi við foreldra, þannig að fjölskyldan taki öll þátt í ræktuninni og hafi gagn og gaman að. Mikilvægt er að kanna áhuga foreldra og barna á þátttöku í skólagörðunum. Kostnaði verði haldið í lágmarki, en foreldrar greiði efniskostnað og kostnað vegna jarðvinnslu. Laun umsjónarmanns verði greidd af sveitarfélaginu. Sveitarstjóra og varaoddvita er falið að vinna málið áfram.*

22. Beiðni Jóhönnu Jóhannesdóttur um niðurfellingu sorpgjalds vegna sumarbústaðar, Mörk í Landsveit landnr.164998, skv. tölvupósti dags. 30. mars 2011.

Gjaldskrá nr. 68/210 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra er sett með stoðum í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin er auk þess byggð á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í samræmi við samþykkt nr. 615/2004 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn sér ekki færi á að verða við beiðni um niðurfellingu sorpeyðingargjalds skv. erindinu.*

23. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun laga nr. 13/2011 sem haldin verður laugardaginn 9. apríl 2011.

*Engin athugasemd hefur komið fram varðandi kjörskrána. Sveitarstjórn staðfestir kjörskrána og veitir sveitarstjóra heimild til að staðfesta hana með undirritun.*

24. Málefni einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. skv. minnisblaði frá LEX Lögmannsstofu dags. 22. mars 2011 og bókun sveitarstjórnar á 15. fundi, dags. 28. mars 2011.

Vísað er til fyrri bókunar sveitarstjórnar um sama efni á fundi sveitarstjórnar þann 28. mars 2011. Í fyrri bókun var lýst fjárhagslegri stöðu félagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. og hvernig til stæði að endurskipuleggja fjárhag félagsins eftir þeirri áætlun sem lýst var í minnisblaði unnu af LEX lögmannsstofu, dags. 22. mars 2011, og lagt var fyrir sveitarstjórn. Á fyrri fundi sveitarstjórnar var sveitarstjóra falið að halda áfram með

undirbúning endurskipulagningarinnar, en endanlegt samþykki sveitarstjórnar væri þó háð tilteknum skilyrðum.

Sveitarstjórn hefur nú verið upplýst um að fengist hefur munnlegt vilyrði frá lögmanni aðila Verkalýðshússins, hins hluthafa Suðurlandsvegur 1-3 ehf. og aðila að endurskipulagningunni, um að henni verði haldið áfram, þó með fyrirvara um að vilyrði um fjármögnun liggi fyrir og að gert verði hluthafasamkomulag milli aðila sem tryggir minnihlutavernd þess hluthafa og festi í skorður framtíðaráætlanir með félagið. Bókun Lífeyrissjóðs Rangæinga, dags. 3. mars 2011 þess efnis er eftirfarandi:

„Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga samþykkir að áfram verði haldið vinnu við undirbúning fjárhagslegrar endurskipulagningar einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. á grundvelli þeirrar áætlunar sem sett er fram í minnisblaði LEX lögmannsstofu frá 22.03.2011. Í þessu felst að stjórn sjóðsins er reiðubúin til að fara þá leið sem lögð er til í minnisblaði að því gefnu að ásættanlegar niðurstöður náist í samkomulagi við aðra eignaraðila varðandi fyrirkomulag hluthafasamkomulags og að fyrir liggi vilyrði um fjármögnun framkvæmda við tengibygginguna að Suðurlandsvegi 1-3.“

Á fundi lánanefndar Arion banka hf., sem haldinn var fyrr í dag, var Suðurlandsvegi 1-3 ehf. veitt vilyrði fyrir fjármögnun í samræmi við áætlanir og hefur fjármögnun m.v. framlagða endurskipulagningaráætlun þvi verið tryggð, en skrifleg staðfesting frá Arion verður kynnt öllum hlutaðeigandi þegar hún hefur borist.

Þá hefur LEX lögmannsstofa unnið drög að hluthafasamkomulagi sem nú er lagt fyrir sveitarstjórn til samþykkis. Efni hluthafasamkomulagsins hefur þó ekki verið endanlega staðfest af aðilum Verkalýðshússins þrátt fyrir að vera í samræmi við þær hugmyndir sem ræddar hafa verið munnlega. Efni samkomulagsins kann því að breytast lítillega í viðræðum milli aðila.

Endurskoðunarskrifstofan KPMG, endurskoðandi sveitarfélagsins, hefur jafnframt lokið gerðar skýrslu um áhrif endurskipulagningarinnar á fjárhag sveitarfélagsins og sem lögð er fyrir sveitarstjórn á fundinum. Efnisleg niðurstaða skýrslunnar verður kynnt við lokaafgreiðslu sveitarstjórnar á málinu.

Eins og vikið var að í bókun fyrri fundar sveitastjórnar um þetta efni er nauðsynlegt að málið vinnist sem allra hraðast ef takast á að forða því tjóni sem fyrirsjáanlegt er ef Suðurlandsvegur 1-3 ehf. verður tekið til gjaldþrotaskipta. Í ljósi þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir sveitarstjórn, veitir sveitarstjórn Gunnsteini R. Ómarssyni, sveitarstjóra, umboð til að ganga frá öllum þeim atriðum sem nauðsynleg eru til að endurskipulagningin geti farið fram, m.a. en ekki einskorðað við, samninga við aðila Verkalýðshússins um nánari útfærslu hluthafasamkomulags, undirbúning allra skjala sem nauðsynleg eru endurskipulagningunni og tilgreind eru í minnisblaðinu frá 22. mars sl. og önnur atriði sem sveitarstjóri telur nauðsynleg eða æskileg til undirbúnings endurskipulagningunni. Þegar gengið hefur verið frá öllum skjölum, endanlegir samningar hafa náðst við aðila Verkalýðshússins og fjármögnun endurskipulagningarinnar liggur skýrlega fyrir skal málið lagt fyrir sveitarstjórn til endanlegs samþykkis og sveitarstjóra þá veitt umboð til undirritunar allra nauðsynlegra skjala til frágangs endurskipulagningarinnar. Sveitarstjórn er ljóst að nauðsynlegt er að vinna málið hratt og að þurfi gæti að boða til sveitarstjórnarfundar með hraði til að endanlegrar samþykktar endurskipulagningarinnar.

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

25. 199. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 11. mars 2011.

Til kynningar.

26. Stjórnarfundur Suðurlandsvegur 1-3 ehf., dags. 15. mars 2011.

Til kynningar.

27. 40. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., dags. 15. mars 2011.

Varðandi 1. lið fundargerðarinnar sem fjallar um húsnæðismál Félagsþjónustunnar:

Fram kemur að núverandi húsnæði Félagsþjónustunnar er óhentugt og stjórn telur að huga þurfi að framtíðarlausn á húsnæðismálum.

*Sveitarstjóra falið að fá fund með stjórn og félagsmálastjóra Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. til að kynna laust húsnæði sveitarfélagsins sem getur hentað Félagsþjónustunni.*

28. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 16. mars 2011.

*Fundargerðin staðfest.*

29. 200. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 17. mars 2011.

Til kynningar.

30. 442. fundur stjórnar SASS, dags. 18. mars 2011.

Til kynningar.

31. 125. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 23. mars 2011.

Sveitarstjórn lýsir mikilli ánægju með að vinna sé komin í gang varðandi nýtt fyrirkomulag hirðu, flokkunar, endurnýtingar, endurvinnslu og eyðingar sorps í Rangárvallasýslu. Með tilvísun í 3. lið fundargerðarinnar skorar sveitarstjórn á stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að bjóða út hirðu og umsýslu endurvinnanlegs úrgangs á samstarfssvæðinu.

*Fundargerðin staðfest.*

32. 8. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu, dags. 24. mars 2011.

Til kynningar.

33. 785. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. mars 2011.

Til kynningar.

34. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands, dags. 28. mars 2011.

Til kynningar.

35. Aðalfundur Húsakynna bs., dags. 29. mars 2011.

Til kynningar.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

36. Hekla handverkshús; Beiðni um styrk, dags. 13. mars 2011.

*Erindinu er frestað með tilvísun í 4.lið í fundargerðinni.*

37. Umboðsmaður barna; Niðurskurður í skólum, dags. 21. mars 2011.

38. UMF Garpur; Styrkumsókn í formi niðurfellingar á húsaleigu, dags. 22. mars 2011.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk í formi húsaleigu í samræmi við erindið.*

39. Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi; Beiðni um styrk, dags. 23. mars 2011.

*Styrkbeiðninni hafnað.*

40. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf.; Aðalfundarboð – 14. apríl 2011 kl. 13, dags. 31. mars 2011.

*Sveitarstjórn veitir Guðjóni Gestssyni umboð til að fara með atkvæðishlut sveitarfélagsins á fundinum.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16.45



# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 17. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 28. apríl 2011, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Auk þess mæta á fundinn Indriði Indriðason aðalbókari og Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi KPMG.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

1. Lánssamningur nr. 14/2011 milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Rangárþings ytra sem lántaka.  
*Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ehf. að fjárhæð 66.000.000 kr. til 13 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar lánum standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir á gjalddaga hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2011, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er sveitarstjóra, Gunnsteini R. Ómarssyni, kt. 110870-4939, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ehf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.*

2. Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2010, fyrri umræða.  
Auðunn Guðjónsson, KPMG, löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti niðurstöður ársreiknings fyrir Rangárþing ytra árið 2010. Auk þess voru lagðir fram ársreikningar samstarfsverkefna á Laugalandi; Menningarmiðstöðin, Leikskólinn, Eignasjóður og Leiguíbúðir.

*Ársreikningi Rangárþings ytra fyrir árið 2010 vísað til síðari umræðu.*

3. Málefni einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. skv. minnisblaði frá LEX Lögmannsstofu dags. 22. mars 2011 og bókun sveitarstjórnar á 16. fundi, dags. 7. apríl 2011.

Vísað er til fyrri bókunar sveitarstjórnar um sama efni á fundi sveitarstjórnar þann 7. apríl 2011. Í fyrri bókun var sveitarstjórn upplýst um að Arion banki hefði veitt viljrði fyrir fjármögnun að uppfylltum öllum skilyrðum endurskipulagningar félagsins og að hluthafasamkomulag lægi fyrir með fyrirvara um smávægilegar breytingar og samþykki allra hlutahafa. Þá var lögð fyrir sveitarstjórn skýrsla frá KPMG varðandi fjárhagsleg áhrif af fyrirhugaðri fjárhagslegri endurskipulagningu Suðurlandsvegur 1-3 ehf. á fjárhagsáætlunir Rangárþings ytra. Óskað var eftir samantektinni á grundvelli ákvæða 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum.

Í skýrslu KPMG, dags. 7. apríl 2011, kemur fram að fyrirhuguð endurskipulagning hafi ekki umtalsverð viðbótaráhrif á samstæðureikning A og B hluta sveitarfélagsins. Gert hefur verið ráð fyrir þeim fjárfestingum sem þörf er á í langtímaáætlunum sveitarfélagsins en ljóst er að verkefnið er stórt og allar líkur eru á því að ákvæði 65. gr. eigi við í þessu tilviki. Auk þess er að mati KPMG mikilvægt að sveitarstjórn sé upplýst um þessi áhrif þegar ákvörðun er tekin óháð formlegri skyldu lagaákvæðisins. Auðunn Guðjónsson, KPMG, löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti efnislega niðurstöðu skýrslunnar fyrir sveitarstjórn á fundinum.

*Sveitarstjórn hafði á síðasta fundi samþykkt hluthafasamkomulag það sem fyrir fundinum lá, með fyrirvara um samþykki allra hlutahafa og hugsanlegar breytingar sem kynnu að verða. Breytingar hafa orðið á samkomulaginu milli funda og samþykkir sveitarstjórn nú áorðnar breytingar og þar með hluthafasamkomulagið, með fyrirvara um samþykki allra hlutahafa.*

*Að öðru leyti er vísað til fyrri bókunar sveitarstjórnar á 16. fundi, dags. 7. apríl 2011.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 14:30.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 17. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 28. apríl 2011, kl. 13.00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Auk þess mæta á fundinn Indriði Indriðason aðalbókari og Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi KPMG.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

1. Lánssamningur nr. 14/2011 milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Rangárþings ytra sem lántaka.  
*Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 66.000.000 kr. til 13 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir á gjalddaga hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2011, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er sveitarstjóra, Gunnsteini R. Ómarssyni, kt. 110870-4939, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.*

2. Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2010, fyrri umræða.  
Auðunn Guðjónsson, KPMG, löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti niðurstöður ársreiknings fyrir Rangárþing ytra árið 2010. Auk þess voru lagðir fram ársreikningar samstarfsverkefna á Laugalandi; Menningarmiðstöðin, Leikskólinn, Eignasjóður og Leigusbúðir.

*Ársreikningi Rangárþings ytra fyrir árið 2010 vísað til síðari umræðu.*

3. Málefni einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. skv. minnisblaði frá LEX Lögmannsstofu dags. 22. mars 2011 og bókun sveitarstjórnar á 16. fundi, dags. 7. apríl 2011.

Vísað er til fyrri bókunar sveitarstjórnar um sama efni á fundi sveitarstjórnar þann 7. apríl 2011. Í fyrri bókun var sveitarstjórn upplýst um að Arion banki hefði veitt viljrði fyrir fjármögnun að uppfylltum öllum skilyrðum endurskipulagningar félagsins og að hluthafasamkomulag lægi fyrir með fyrirvara um smávægilegar breytingar og samþykki allra hlutahafa. Þá var lögð fyrir sveitarstjórn skýrsla frá KPMG varðandi fjárhagsleg áhrif af fyrirhugaðri fjárhagslegri endurskipulagningu Suðurlandsvegur 1-3 ehf. á fjárhagsáætlanir Rangárþings ytra. Óskað var eftir samantektinni á grundvelli ákvæða 65. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum.

Í skýrslu KPMG, dags. 7. apríl 2011, kemur fram að fyrirhuguð endurskipulagning hafi ekki umtalsverð viðbótaráhrif á samstæðureikning A og B hluta sveitarfélagsins. Gert hefur verið ráð fyrir þeim fjárfestingum sem þörf er á í langtímaáætlunum sveitarfélagsins en ljóst er að verkefnið er stórt og allar líkur eru á því að ákvæði 65. gr. eigi við í þessu tilviki. Auk þess er að mati KPMG mikilvægt að sveitarstjórn sé upplýst um þessi áhrif þegar ákvörðun er tekin óháð formlegri skyldu lagaákvæðisins. Auðunn Guðjónsson, KPMG, löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti efnislega niðurstöðu skýrslunnar fyrir sveitarstjórn á fundinum.

*Sveitarstjórn hafði á síðasta fundi samþykkt hluthafasamkomulag það sem fyrir fundinum lá, með fyrirvara um samþykki allra hluthafa og hugsanlegar breytingar sem kynnu að verða. Breytingar hafa orðið á samkomulaginu milli funda og samþykkir sveitarstjórn nú áorðnar breytingar og þar með hluthafasamkomulagið, með fyrirvara um samþykki allra hlutahafa.*

*Að öðru leyti er vísað til fyrri bókunar sveitarstjórnar á 16. fundi, dags. 7. apríl 2011.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 14:30.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 18. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 5. maí 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur Júlíusson, í forföllum Margrétar Ýrr Sigurgeirsdóttur, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð, og Indriði Indriðason, aðalbókari.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Oddviti óskar eftir breytingum á boðaðri dagskrá í þá veru að undir lið 15 verði tekið fyrir tilboð í sorptunnur í stað tilnefningar fulltrúa í íþrótt- og tómstundanefnd. *Dagskrárbreyting samþykkt.*

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. Fundur í fjallskiladeild Holtamannafréttar, dags. 19. apríl 2011.

Til kynningar.

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

2. 44. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 27. apríl 2011.

*Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað vegna forfalla skipulags- og byggingarfulltrúi. Stefnt verður að fundargerðin verði afgreidd á fundi á næstu dögum.*

3. 40. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 3. maí 2011.

*Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað vegna forfalla skipulags- og byggingarfulltrúi. Stefnt verður að fundargerðin verði afgreidd á fundi á næstu dögum.*

4. Hlymdalir ehf.; Endurnýjun umsóknar um lóðina Seltún 6-12 á Hellu, dags. 1. maí 2011.

Í erindinu kemur jafnframt fram að Hlymdalir ehf., kt. 440106-1290, skila formlega iðnaðarlóð við Dynskála sem sveitarstjórn úthlutaði fyrirtækinu á 25. fundi, dags. 10. apríl 2008.

*Sveitarstjórn staðfestir þessi skil á lóðinni.*

*Ekki er hægt að taka afstöðu til erindisins að öðru leyti þar sem lóðirnar hafa ekki verið auglýstar.*

5. Beiðni Stefáns Arnórssonar um umsögn vegna landskipta á Skammbeinsstöðum, skv. erindi mótt. 28. des. 2010 – frestað mál frá 16. fundi sveitarstjórnar, dags. 7. apríl 2011, tl. 15.

Stefán Arnórsson, kt. 061242-4069, óskar eftir staðfestingu á landskiptum en um er að ræða tvær sumarhúsalóðir með landnr. 219901 stærð 17,7 ha. og með landnr. 219902 stærð 18,2 ha. teknar úr Skammbeinsstöðum 1, landnr. 192624.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landskiptin í ljósi fyrirbyggjandi gagna.*

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

6. Álögð fjallskil á Landmannafrétti 2010.

*Sveitarstjórn staðfestir álögð fjallskil á Landmannafrétti fyrir árið 2010.*

7. Álögð fjallskil á Rangárvallafrétti 2010.

*Sveitarstjórn staðfestir álögð fjallskil á Rangárvallafrétti fyrir árið 2010.*

8. Álögð fjallskil á Holtamannafrétti 2010.

*Sveitarstjórn staðfestir fyrir sitt leyti álögð fjallskil á Holtamannafrétti fyrir árið 2010.*

9. Samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726. mál, dags. 15. apríl 2011.

*Sveitarstjóra falið að rita umsögn samræmi við umræður á fundinum.*

10. Jötunn Vélar ehf.; Óskað er eftir því að Rangárþing ytra styrki hátíðina, Sunnlenski sveitardagurinn, með fjárframlagi að fjárhæð kr. 50.000, skv. erindi dags. 26. apríl 2011.

*Erindinu er hafnað.*

11. Beiðni Nínu Jennýjar Kristjánsdóttur um styrk til þátttöku í keppnisferð U-15 landsliðshóp stúlkna í körfubolta erlendis á komandi sumri, dags. 27. apríl 2011.

*Samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 15.000 sem greiddur verður að keppnisferðinni lokinni með staðfestingu á þátttöku.*

12. Beiðni Heklu blúsfélags um styrk að fjárhæð kr. 100.000 vegna Blúshátíðar í Rangárvallasýslu 10. – 11. júní nk., dags. 3. maí 2011.

Ólafur Júlíusson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og vikur af fundi.

Þorgils Torfi Jónsson leggur fram tillögu um að erindinu verði hafnað.

Þrír samþykkja tillöguna og þrír eru á móti (GP, MHJ, ST).

*Tillagan er felld á jöfnun atkvæðum.*

Tillaga um að erindinu verði vísað til atvinnu- og menningarmálanefndar til umsagnar.

Þrír samþykkja tillöguna og þrír sitja hjá (GIG, ÞTJ, AMK).

*Tillagan er samþykkt.*

Ólafur kemur aftur á fundinn.

13. Frístundalóðir í Gaddstaðalandi við Hróarslæk.

*Sveitarstjórn ítrekar þá afstöðu sína að lóðirnar í Gaddstaðalandi við Hróarslæk eru til sölu en ekki til leigu samkvæmt fyrri ákvörðun sveitarstjórnar. Þeim aðilum sem áður leigðu lóðirnar var boðið að kaupa þær án undangenginnar auglýsingar og var og er verðið 1,1 mkr. á ha. Sveitarstjóra er falið að gefa fyrri leigutökum, sem hafa ekki enn nýtt sér þessa heimild til kaupa, lokafrest til 1. ágúst nk. til að ganga frá kaupum á þeim lóðum þar sem mannvirki hafa verið reist.*

Ólafur Júlíusson vikur af fundi og mætir Margrét Harpa Guðsteinsdóttir á fundinn í hans stað.

14. Skipun fulltrúa D-lista í fræðslunefnd.

*Anna María Kristjánsdóttir er skipuð aðalmaður í stað Valgerðar Kr. Brynjólfsdóttur.*

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson er skipaður varamaður í stað Önnu Maríu Kristjánsdóttur.*

15. Kaup á sorptunnum vegna tveggja tunnu sorphirðukerfis sem tekið verður upp á samstarfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. frá 1. júní 2011.

Í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá 13. fundi, dags. 10. febrúar 2011, 15. tl. var framkvæmd verðkönnun á sorptunnum af hálfu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. með kaup á tunnum í huga. Tvö verðtilboð bárust, annarsvegar frá Hafnarbakka Flutningatækni ehf. og hins vegar frá Íslenska Gámafélaginu. Lægra tilboðið var frá Íslenska Gámafélaginu en verð kr. pr. tunnu er 4.701,- án vsk. Tunnupörf Rangárþings ytra vegna verkefnisins er áætluð 923 tonn. Hlutur Rangárþings ytra er því samtals kr. 4.339.023,- Samstarfssveitarfélögin hafa þegar gengið að tilboði Íslenska Gámafélagsins.

*Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Íslenska Gámafélagsins og vinna þar með áfram að fyrirkomulagi tveggja tunnu sorphirðukerfis í sveitarfélaginu.*

*Sex eru samþykkir einn situr hjá (ÞTJ).*

*Tillagan er samþykkt.*

16. Ársreikningar samstarfsverkefna fyrir árið 2010.

Menningarmiðstöðin Laugalandi.

Heildarreikstrarkostnaður á árinu nam 158,203 mkr., þ.a. framlag Rangárþings ytra 110,476 mkr. Eignir samtals í árslok 2010 námu 22,541 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Menningarmiðstöðvarinnar á Laugalandi fyrir árið 2010 fyrir sitt leyti.*

Leikskólinn Laugalandi.

Heildarrekstrarkostnaður á árinu, að frádregnum leikskólagjöldum, nam 33,658 mkr., þ.a. framlag Rangárþings ytra 22,151 mkr. Eignir samtals í árslok 2010 námu 7,351 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Leikskólans á Laugalandi fyrir árið 2010 fyrir sitt leyti.*

Eignasjóður Laugalandsskóla.

Rekstrartekjur á árinu námu 56,792 mkr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 15,479 mkr. Eignir samtals í árslok 2010 námu 254,171 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í árslok 2010 var 6,201 mkr.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Eignasjóðs Laugalandsskóla fyrir árið 2010 fyrir sitt leyti.*

Leiguíbúðir Laugalandi.

Rekstrartekjur á árinu námu 2,312 mkr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1,510 mkr. Eignir samtals í árslok 2010 námu 4,525 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í árslok 2010 var neikvætt 4,809 mkr.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Leiguíbúða á Laugalandi fyrir árið 2010 fyrir sitt leyti.*

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Rekstrartekjur á árinu námu 27,920 mkr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 3,337 mkr. Eignir samtals í árslok 2010 námu 120,751 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í árslok 2010 var neikvætt 9,056 mkr.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2010 fyrir sitt leyti.*

#### 17. Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2010, síðari umræða.

Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2010 var tekinn til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar fimmtudaginn 28. apríl 2010 og vísað til seinni umræðu en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikning sveitarfélags á tveimur fundum í sveitarstjórn.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikninga fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekin ársreikning fyrir alla starfsemi þess það er A og B hluta sbr. 60 gr. sveitastjórnarlaga nr. 45/1998.

Í A hluta er öll starfsemi sem að hluta, eða öllu leyti er fjármögguð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta eru Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Húsakynni bs. og Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2010 námu rekstrartekjur A og B hluta 1.015,0 millj. kr. samanborið við 971,1 millj. kr. árið 2009. Hækkun milli ára er 4,5%.

Rekstrargjöld A og B hluta eru laun, annar rekstrarkostnaður og afskriftir sem námu samtals 928,5 millj.kr., en voru 984,9 millj. kr. á árinu 2009. Lækkun frá fyrra ári nemur 5,7%.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2010 námu 83,7 millj. kr. samanborið við 118,5 millj. kr. árið 2009. Lækkun fjármagnsgjalda umfram fjármunatekjur milli ára skýrist af hagstæðari þróun gengis og verðlags á árinu 2010 samanborið við árið 2009.

Rekstrarniðurstaða ársins er því jákvæð um 5,0 millj. kr. fyrir A og B hluta samanborið við neikvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 130,7 millj. kr. á árinu 2009.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Rangárþings ytra fyrir árið 2010.*

Bókun Á-lista:

Eitt brýnasta verkefni nýrrar sveitarstjórnar eftir kosningar í maí 2010 var að taka á slæmri lausafjárstöðu sveitarfélagsins. Nauðsynlegt var að fara í gagngera endurskipulagningu á fjármálum og finna þurfti leiðir til að hagræða í rekstri án þess að skerða lögboðna þjónustu. Yfirdráttarheimild sveitarfélagsins var fullnýtt og engrar fyrirgreiðslu var að vænta hjá lánastofnunum fyrir en sýnt væri fram á skilvirkari fjármálastjórn en verið hafði.

Núverandi sveitarstjórn hefur þurft að taka erfiðar ákvarðanir til að geta náð endum saman í rekstri sveitarfélagsins. Þar má nefna:

- 1) Framkvæmdir við tengibyggingu stöðvuðust í júní þar sem einkahlutafélagið Suðurlandsvegur 1-3 fékk ekki fjármagn hjá lánastofnunum til áframhaldandi framkvæmda. Sveitarfélagið, að álitum endurskoðanda og lögfræðinga, hafði ekki heimild til að leggja því til lán eða gangast í ábyrgðir fyrir lánnum auk þess sem það hafði ekki fjárhagslega burði til að leggja meira fjármagn til framkvæmdarinnar.
- 2) Stöður aðstoðarleikskólustjóra í Heklukoti og Íþróttá-og æskulýðsfulltrúa voru lagðar niður.
- 3) Föstum akstursgreiðslum til starfsmanna sveitarfélagsins var sagt upp.
- 4) Leikskóladeild í Þykkvabæ var lögð niður.
- 5) Í byrjun árs 2011 var fækkað um eitt stöðugildi á skrifstofu sveitarfélagsins í kjölfar endurskipulagningar á rekstri hennar og verður hagræðingaraðgerðum haldið áfram á árinu.

Athygli vekur, að við skoðun ársreiknings 2010 kemur t.d. í ljós að ekki var gert ráð fyrir fjárfestingu vegna tengibyggingar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2010 og því ljóst að ekki var gert ráð fyrir meirihlutaeign sveitarfélagsins í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. Benda má á að fjárhagsáætlun ársins 2010 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 21. janúar 2010.

Ljóst er að fjárhagur sveitarfélagsins verður þröngur næstu árin, en verulegur viðsnúningur hefur átt sér stað í rekstri sveitarfélagsins nú þegar með ábyrgri fjármálastjórnun stjórnenda sveitarfélagsins. Að ná jákvæðri rekstrarniðurstöðu hefur ekki verið auðvelt verk. Mjög hefur reynt á stjórnendur, forstöðumenn stofnana, starfsfólk og íbúa í þessum málum og er sveitarstjóra og starfsmönnum þökkun vel unnin störf og íbúum skilninginn.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Bókun fulltrúa D-lista:

Eins og tekið er fram í bókun Á-listans hafa flestar ákvarðanir sem vísað er í verið teknar sameiginlega í sveitarstjórninni en ekki af fulltrúum Á-listans eingöngu. Fulltrúar D-listans áskilja sér rétt til frekari viðbragða við bókun Á-listans á næsta fundi hreppsnefndar.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson

18. Málafni einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. skv. minnisblaði frá LEX Lögmannsstofu dags. 22. mars 2011 og bókun sveitarstjórnar á 16. fundi, dags. 7. apríl 2011.

Vísað er til fyrri bókunar sveitarstjórnar um sama efni á fundi sveitarstjórnar þann 7. apríl 2011.

*Sveitarstjórn samþykkir að boða til sveitarstjórnarfundar nk. mánudag 9. maí kl. 08:30 vegna málsins.*

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

19. 3. fundur starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi, dags. 21. des. 2010.
20. 299. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, dags. 28. mars 2011.
21. 106. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 30. mars 2011.
22. 300. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, dags. 4. apríl 2011.
23. 1. fundur verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi, dags. 8. apríl 2011.
24. 201. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 8. apríl 2011.
25. 24. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs., dags. 12. apríl 2011.
26. 41. stjórnarfundur Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., dags. 26. apríl 2011.

#### **Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

27. Skýrsla Regluvarðar 2010, dags. 21. janúar 2011.

Öllum ábendingum í skýrslunni hefur verið fullnægt.

Til kynningar.

28. Mennta- og menningarmálaráðuneytið; Svarbréf vegna erindis sveitarstjóra um Náttúruminjasafns Íslands, dags. 8. mars 2011.

29. Afrit af bréfi Gámaþjónustunnar hf. til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, dags. 4. apríl 2011.

30. Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Skipulags- og byggingarfulltrúa; Efnistaka úr Ytri-Rangá úr landi Stóru-Valla. Fyrirspurn, dags. 7. apríl 2011.

31. Afrit af bréfi Skipulags- og byggingarfulltrúa til Þórs Þorsteinssonar; Ólögleg efnistaka við Jarlsstaði, Rangárþingi ytra, dags. 13. apríl 2011.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 18:35